



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Hugvísindasvið

„Örbirgð er glæpur“

*Skrif Halldórs Laxness sem baráttubókmenntir í ljósi
eftirlendufræða*

Ritgerð til B.A.-prófs

Eva Hafsteinsdóttir

Maí 2010

Háskóli Íslands
Hugvísindasvið
Almenn bókmenntafræði

„Örbirgð er glæpur“

*Skrif Halldórs Laxness sem baráttubókmenntir í ljósi
eftirlendufræða*

Ritgerð til B.A.-prófs

Eva Hafsteinsdóttir

Kt.: 231081-5269

Leiðbeinandi: Benedikt Hjartarson

Maí 2010

Ágrip

Í ritgerðinni er sjónum beint að stöðu Íslands sem viðfangsefni eftirlendufræða. Farið er yfir helstu áhersluþætti og nálgunarleiðir fræðanna og skoðuð tengsl þeirra við aðrar vestrænar hugmyndastefnur, einkum marxíska hugmyndafræðigagnrýni, orðræðugreiningu Foucaults og femíníska gagnrýni. Þá er farið yfir mikilvægi þjóðernishyggju í samhengi nýlendustefnunnar og skoðað hvernig hugmyndir um þjóðir og mótun þjóðarímynda hafa gegnt stóru hlutverki í baráttu nýlenduþjóða fyrir sjálfstæði. Sérstök áhersla er lögð á áhrif bókmenntavakningar fyrir þjóðernishyggju og mótun þjóðarímynda, enda veigamikill þáttur í þeirri endurskoðun þjóðmenningar sem lögð er til grundvallar í endurreisnarstarfi og baráttu kúgaðra þjóða. Athygli er dregin að því hvernig þjóðir og þjóðarímyndir eru meðvitað skapaðar með því að draga fram ákveðin einkenni sem aðgreina þær frá öðrum þjóðum og hvernig þessar tilbúnu ímyndir leggja grunn að sjálfsmynd þjóðanna. Þá er þjóðarímyndar- og sjálfsmyndarsköpun Íslands könnuð og bent á hvernig hún er byggð upp á tveimur aðgreindum þáttum; annars vegar karllægri sjálfsmynd þjóðarinnar og hins vegar kvenlægri ímynd landsins.

Í ljósi þjóðernishyggju og hlutdeildar bókmenntavakningar í baráttu kúgaðra þjóða er sjónum beint að hlutverki Halldórs Laxness og skrafa hans fyrir mótun íslenskrar þjóðernisvitundar og baráttuna fyrir pólitísku sjálfstæði. Skáldsögurnar *Vefarinn mikli frá Kasmír* og *Salka Valka*, ásamt ritgerðarskrifum hans frá þriðja áratug síðustu aldar, eru teknar fyrir og skáldsögurnar tengdar við þær hugmyndir sem birtast í greinum höfundarins og ritgerðum. Athygli er dregin að þeirri viðhorfsbreytingu sem greinanleg er í skrifum Laxness og felst í þeim áherslumun sem liggur í skáldsögunum, þar sem annars vegar er lögð áhersla á gildi nútímans fyrir menningu þjóðarinnar í *Vefaranum*, og hins vegar á hlutskipti öreiganna og gildi mannsæmandi lífsskilyrða fyrir menningu þjóðarinnar í *Sölku Völku*. Farið er ofan í saumana á sögunni um Sölku Völku og kannað hvernig hún endurspeglar hugmyndir höfundarins um mikilvægi upplýstra og siðmenntaðra lifnaðarháttá, sem koma fram í ritgerðum hans og menningargagnrýni. Rök eru færð fyrir því að þessi skrif falli að skilgreiningum eftirlendufræða á baráttubókmenntum þjóða.

Efnisyfirlit

Inngangur.....	1
Eftirlendufræði	2
- Nýlendustefnan í Evrópu.....	2
- Eftirlendubókmenntir og þjóðernishyggja	3
- Vestræn hugmyndafræði og nýlendustefna.....	5
- Þjóðir í mótun.....	8
Skrif Halldórs Laxness í ljósi eftirlendufræða.....	13
- Nútíminn og íslensk menning	13
- Halldór Laxness og nútímavæðing íslenskrar sjálfsmyndar	16
Niðurlag.....	26
Heimildaskrá.....	30

Inngangur

Hin hefðbundna íslenska söguskoðun sem þróuð var um og upp úr aldamótunum 1900 dregur fram þrjár ólíkar hliðar í sögu íslenskrar þjóðar. Í fyrsta lagi bjarta og uppheljandi sögu landnámstímabilsins, þegar menningin blómstraði í bókmenntalegum afrekum landsmanna og sjálfstæðum og lýðræðislegum stjórnarháttum. Í öðru lagi dökka og smánarlega sögu hins langa ósjálfstæðistímabils frá því Íslendingar gengu sjálfviljugir undir vald Hákons gamla Noregskonungs árið 1264 með undirritun Gamla sáttmála, en féllu síðan undir yfirráð Danaveldisins í lok 14. aldar og lutu þeim yfirráðum allt til ársins 1918. Landið varð nýlenda; sjálfstæðið og lýðræðið var tapað. Öldum saman stunduðu Danir hér lágmarks stjórn sem fólst í því að setja stiftamtman yfir landið sem átti að gæta hagsmuna þess innan danska ríkisins og fara með innlenda stjórn. Undir þessum yfirráðum grotnaði þjóðin niður í fátækt og sinnuleysi, þar til svo var komið að hún var ekki einu sinni metin á grundvelli siðmenntaðra ríkja.

Í þriðja lagi varpar söguskoðun aldamótanna ljósi á sögu „nú tímans“ (þ.e. 19. öld) sem var tími endurreisnar þjóðarinnar. Hinar tvær hliðarnar á sögu íslenskrar þjóðar gegndu mikilvægu hlutverki fyrir þá þriðju, þar sem endurreisn þjóðarinnar fólst að miklum hluta í þróun íslenskrar þjóðarímyndar. Um aldamótin 1900 unnu íslenskir menntamenn ötullega að mótun nýrrar sjálfsmyndar fyrir þjóðina, sjálfsmyndar sem byggð var að fullu á þeim grunni sem „gullöld“ landnámstímans var talin hafa fram að færa varðandi eftirsóknarverða eiginleika sjálfstæðrar þjóðar. Þeir töldu einnig mikilvægt að útiloka þetta „niðurlægingatímabil“ ósjálfstæðisins og hreinlega neituðu því að Ísland væri nýlenda Dana. Þó er ekki hægt að neita því að Íslendingar sættu gríðarlegri kúgun af hálfu herraþjóðar sinnar eins og aðrar nýlendur, í formi arðráns og vanrækslu, og verður sú kúgun ekki auðveldlega þurrkuð út úr minni heillar þjóðar, enda viðamikill hluti af þjóðarsálinni. Samband herraþjóðar og nýlendu er gagnvirkt líkt og samband húsbónda og þræls, og hefur afstaða þeirra hvors til annars víðtæk áhrif á sjálfsmynd og menningu þjóða.

Þau fræði sem helst hafa farið ofan í saumana á áhrifum nýlenduvæðingarinnar eru eftirlendufræðin, nýlegar fræðikenningar sem þróast hafa frá því um miðja 20. öld. Í ritgerðinni mun ég rekja helstu áherslur fræðanna og skoða áhrifamátt bókmennta í samhengi nýlenduvæðingar. Ég mun kanna hvernig eftirlendufræðin eiga við í íslensku samhengi, og í því ljósi mun ég taka fyrir og skoða hvernig skrif Halldórs Laxness falla

að kenningum á sviði eftirlendufræða. Ég tek fyrir verk hans frá þriðja áratug síðustu aldar, blaðagreinar og ritgerðir í *Alþýðubókinni*, ásamt skáldsögunum *Vefarinn mikli frá Kasmír* og *Salka Valka*, og tengi þau kenningum eftirlendufræða. Sjónum verður beint að því hvernig þessi skrif Halldórs Laxness koma fram sem innlegg í frelsisbaráttu Íslendinga, og sýnt fram á hvernig þau geta flokkast sem baráttubókmenntir í skilningi eftirlendufræða.

Eftirlendufræði

Nýlendustefnan í Evrópu

Eftirlendufræði eru víðtæk fræði sem fást við ýmis svið menningar út frá áhrifum nýlenduvaðingar Evrópu á fyrri öldum, en þeirra áhrifa gætir víðsvegar í heiminum enn þann dag í dag. Eftirlendufræði beina sjónum að þeim löndum og þeim þjóðum sem nýlendustefnan setti mark sitt á, þ.e.a.s. nýlendur, hjálendur, eftirlendur (fyrrum nýlendur) og nýlenduríkin sjálf, og snerta á málum sem varða bæði pólitík og efnahag. Eftirlendufræðin leggja þó fyrst og fremst áherslu á að kanna áhrifin sem nýlendustefnan hafði á menningu og hugsunarhátt þjóðanna. Þannig kanna fræðin allt frá valdatengslum og valdatogstreitu, kynþætti, kyni, þjóðerni, þjóðarímyndum og sjálfsmyndum þjóða, til afstöðu tungumálsins í samhengi nýlenduorðræðunnar og úrvinnslu eftirlenduríkjanna á sambandinu við fyrrum nýlenduherrana. Þau eru gagnrýnin fræði sem endurskoða vestræna hugmyndafræði og algildiskröfuna sem henni fylgir.

Rannsóknir eftirlendufræðanna fara meðal annars fram á vettvangi menningarafurða og á bókmenntalega sviðinu hefur mótast sérstök grein sem kölluð er *eftirlendubókmenntir*. Í bókinni *The Empire Writes Back. Theory and Practice in Post-Colonial Literatures*, sem kom út árið 1989, fjalla Bill Ashcroft, Gareth Griffiths og Helen Tiffin á ýtarlegan hátt um eftirlendubókmenntir, þróun þeirra og viðfangsefni, ásamt álitamálum sem spretta upp í umræðunni um menningu í kjölfar nýlendustefnunnar. Þau tala um eftirlendubókmenntir sem bókmenntir sem eiga það sameiginlegt að spretta upp úr togstreitunni við herraþjóðina og heimsveldisstefnu

Evrópu.¹ Þar er mikil áhersla lögð á mikilvægi tungumálsins í þróun þessara bókmennta og úrvinnslu eftirlenduþjóða á eigin menningu, og taka höfundarnir í því sjónarmiði sérstaklega fyrir enska tungumálið og nýlendur Bretlands.

Hér er þó vert að benda á að önnur nýlenduveldi en hið breska hafa jafnframt haft mikil áhrif á sínar nýlendur, menningu þeirra og tungumál, og má í því tilviki nefna elstu nýlenduveldin, Portúgal og Spán, en þeirra heimsumsvif hófust strax á 15. öld með landafundunum. Einnig má nefna nýlenduveldi Frakklands, Hollands og Danmerkur, en yfirráð þessara sex Evrópuríkja náðu yfir lönd og svæði í Norður- og Suður-Ameríku, Afríku, Asíu og Ástralíu. Þannig var Ísland aðeins lítill hluti af nýlenduveldi Dana, sem náði að auki yfir Dönsku Gullströndina (til 1850), Danska Indíum (til 1869), Danska Vestur-Indíum (til 1917), Færeyjar (heimastjórn 1948) og Grænland (heimastjórn 1978). Saga nýlendu tímabilsins, frá 15. öld fram á 20. öld, er saga mikilla átaka, þar sem nýlenduveldin börðust hart um yfirráðin í nýlendunum, ekki eingöngu við íbúa svæðanna heldur einnig við önnur nýlenduveldi sem ásældust nýlendurnar og þær auðlindir sem þeim fylgdu. Hugmyndir um vald og kúgun, þjóðerni og sjálfsmyndir, ásamt hugmyndum um upprunaleika, „miðju“ og „jaðar“, eru því miðlæggar í orðræðu eftirlendufræða, og eiga ávallt við þegar rætt er um nýlendustefnuna, hvort sem um nýlendur Breta eða annarra er að ræða.

Eftirlendubókmenntir og þjóðernishyggja

Í *The Empire Writes Back* er talað um fjóra flokka eftirlendutexta: 1) Þjóðar- eða svæðisbundnir textar, þar sem áhersla er lögð á menningareinkenni sérstaks svæðis eða þjóðar. 2) Texta sem tengjast ákveðnum kynþætti, þar sem áhersla er lögð á sameiginleg einkenni kynþáttar óháð landsvæði. 3) Samanburðarflokkun sem byggir á að finna sameiginleg einkenni innan tungumáls, sögu og menningar tveggja eða fleiri eftirlendubókmennta. 4) Samanburðarflokkun með áherslu á „blendings-þætti“ (e. hybridity) og samlögun (e. syncreticity) sem helstu einkenni eftirlendubókmennta.² Beinast liggur við að setja íslenskar bókmenntir í fyrsta flokkinn, bæði vegna sérstöðu tungumálsins og vegna einangrandi stöðu landsins, en einnig væri hægt að skoða þær í samhengi fjórða flokksins og bera þær þá saman við bókmenntir annarra eftirlenda.

¹ Bill Ashcroft, Gareth Griffiths og Helen Tiffin: *The Empire Writes Back. Theory and Practice in Post-Colonial Literatures*. Ritstj. Terence Hawkes. (London og New York, Routledge. 1989)

² Sama heimild. Bls. 15.

Hvað fyrsta flokkinn varðar þá benda höfundar *The Empire Writes Back* á tengsl milli „bókmenntavakningar“ í nýlendunum og þróunar þjóðernishyggju, enda þjóðernishyggjan vel til þess fallin að sýna fram á sérstöðu og mismun frá herraþjóðinni.³ Martinique-búinn Frantz Fanon (f.1925, d.1961) lagði mikið til eftirlendufræða með skrifum sínum, m.a. í bókunum *Peau noire, masques blancs* (1952) og *Les Damnés de la terre* (1961), en hann kom inn á þjóðernishyggju og mikilvægi hennar sem hluta af endurreisnar- og uppreisnarstarfi nýlendubúa, sem og hlutverk bókmennta í því tilliti. Hann talar um mikilvægi þess fyrir nýlendubúana að grafa upp menningu fortíðarinnar til að endurreisa þjóðina og réttlæta von hennar um framtíðarþjóðmenningu, en bendir jafnframt á að leiðin að menningarlegu sjálfræði sé alls ekki auðsótt vegna þess að herraþjóðin beiti valdi sínu til að afskræma og bæla fortíð og forna menningu nýlenduþjóðarinnar.⁴ Þannig tengir hann saman baráttuna fyrir menningunni og baráttuna fyrir frelsi þjóðarinnar með svipuðum hætti og *Négritude*-hreyfingin (hreyfing litaðra menntamanna í Bandaríkjunum, Afríku og nýlendum Karíbahafsins) gerði á þriðja og fjórða áratug síðustu aldar þegar meðlimir hennar kröfðust menningarlegs sjálfræðis og pólitísku sjálfstæðis.⁵ Svipaða þróun má greina í sögu Íslands, þar sem baráttan fyrir sjálfstæði í tengslum við menningarlega vakningu hófst þegar á 19. öld, m.a. með starfi Fjölsmanna, en skilaði þó ekki fullum árangri fyrr en Ísland fékk fullt sjálfstæði árið 1944. Fanon er jafnframt þeirrar skoðunar að aðeins sé hægt að tala um þjóðarbókmenntir þegar höfundar láti af því að beina verkum sínum fyrst og fremst til kúgarans/herraþjóðarinnar og fari að ávarpa sína eigin þjóð, eins og íslensk skáld 19. aldar gerðu, en með því, segir hann, séu þeir jafnframt að kalla þjóðina til baráttu:

[I]t calls the whole people to fight for their existence as a nation. It is a literature of combat, because it moulds the national consciousness, giving it form and contours and flinging open before it new and boundless horizons; it is a literature of combat because it assumes responsibility, and because it is the will to liberty expressed in terms of time and space.⁶

³ Sama heimild. Bls. 16.

⁴ Frantz Fanon: „National Culture“. *The Post-Colonial Studies Reader*. 2. útgáfa. Bls. 119-122. Þýðandi Constance Farrington. Ritsjtj. Bill Ashcroft, Gareth Griffiths og Helen Tiffin. (London og New York, Routledge. 2006 [1995])

⁵ Hans Bertens: *The Basics. Literary Theory*. 2. útgáfa. (London og New York, Routledge. 2008) Bls. 154.

⁶ Frantz Fanon: „National Culture“. Bls. 120.

Þjóðernishyggjan gerir nýlendubúunum kleift að líta á sjálfa sig sem sameinað og afmarkað, „ímyndað“ samfélag sem myndi heila „þjóð“,⁷ og þar af leiðandi að hugsa upp sjálfsímynd sem þau geta notað til að frelsa sjálfa sig undan ofríki heimsveldisins.⁸ Nýlendurnar og eftirlenduþjóðirnar hófu í framhaldi þjóðernishyggjunnar að endurskoða sína eigin menningu, og að því leyti myndar krafan um menningarlegt sjálfræði ræturnar að þeirri bókmenntaflóru sem síðar spratt upp í eftirlendunum, frá höfundum eins og Chinua Achebe, Wilson Harris, Salman Rusdie og fjölda annarra.⁹

Vestræn hugmyndafræði og nýlendustefna

Sambandið milli nýlendubúa og nýlenduhera er litað af vestrænni tvíhyggju sem grundvallast á hugtökum er tengjast valdaafstæðum. Þannig eru andstæðupör eins og yfirráð og undirgefni, kúgari og kúgaðir, herra og þræll oft notuð til að lýsa sambandinu þarna á milli.

Árið 1978 kom út bókin *Orientalism* eftir gagnrýnandann Edward Said (f.1935, d.2003), en hún markaði tímamót í umræðunni um eftirlendufræði. Þar heldur Said því fram að Vesturlönd hafi búið Austurlönd til, í valdi forræðis síns og ráðandi hugmyndafræði, í gegnum orðræðu sína um austrið. Þessa niðurstöðu byggir hann á rannsóknum sínum á vestrænum 19. aldar textum um austrið, þ.á.m. blaðagreinum og ferðasögum. Said tengdi eftirlendufræðin við forræðis-kenningar Gramscis, þar sem ráðandi öfl samfélagsins nýta sér yfirráð sín og vald yfir hugmyndafræðinni til þess að ýta undir eigin viðmið og gera þau „náttúruleg“ með það að markmiði að viðhalda völdum. Þannig eru viðhorf Vesturlanda til austursins „normaliseruð“ í gegnum orðræðuna, þ.e. þau eru gerð eðlileg, en með því staðfesta þau réttmæti vestrænnar heimsveldisstefnu ásamt því að sannfæra „austrið“ um algildi og yfirráð vestrænnar menningar.¹⁰ Í þessu samhengi eru andstæðupörin vestur-austur, miðja-jaðar og viðhinir miðlæg, en samkvæmt vestrænni hugmyndafræði og orðræðu sem birtist í þessum 19. aldar textum þá er vestrið, þ.e.a.s. „við“, staðsett á miðjunni. Vestrið er það sem er eðlilegt, það er normið, rökrétt og siðmenntað, á meðan austrið er andstæðan við það.

⁷ Um ímynduð samfélög má meðal annars skoða rit Benedicts Andersons: „Imagined Communities“. *The Post-Colonial Studies Reader*. Bls. 123-125.

⁸ Bill Ashcroft, Gareth Griffiths og Helen Tiffin: „Nationalism“. *The Post-Colonial Studies Reader*. Bls. 117-118.

⁹ Hans Bertens: *The Basics. Literary Theory*. Bls. 155.

¹⁰ Sama heimild. Bls. 163.

Austrið birtist þá sem „hinir“; það er á jaðrinum, framandlegt, órökrétt og frumstætt. Þannig eru það einnig herraþjóðir nýlendanna sem mynda „miðjuna“ á meðan nýlendurnar eru á jaðrinum. Said bendir jafnframt á að tengslin sem þarna eru mynduð milli austurs og vesturs séu gagnvirk, þ.e.a.s. vestrið skilgreinir austrið sem andstæðu við sjálft sig, en vestrið grundvallar jafnframt eigin sjálfsmynd á þessari andstæðuhugsun.¹¹ Homi Bhabha (f.1949) útfærir kenningar Saids í sambandi við hugmyndina um „hinn“ (e. Other) og ítrekar gagnvirknina í ferli vestrænnar sjálfsmyndarsköpunar, þar sem ríkjandi orðræða *aðrar* (þ.e. að gera öðruvísi) „hinn“ en felur þó alltaf í sér vott af tvíþendni gagnvart eigin yferráðum. Til að viðhalda valdinu yfir „hinum“ reynir orðræða heimsveldisstefnunnar að draga upp ímynd „hins“ sem öðruvísi, en þarf um leið að gæta nægilegrar samsvörunar milli „sjálfs“ og „hins“ til þess að réttlæta og löggilda valdið yfir honum.¹² Yferráðin eru þannig bæði byggð á mismunun og samsömun, þ.e. „hinn“ verður bæði að vera ólíkur en samt eins.

Hugmyndin um forræði ráðandi afla á því vel við um samband nýlenduherra og nýlendubúa, þar sem nýlendubúinn er „jaðraður“ og „aðraður“¹³ í stöðu „hins“, en með því er honum markvisst haldið frá samskipta- og túlkunarleiðum valdhafans.¹⁴ Samkvæmt Michel Foucault (f.1926, d.1984) gengur eitt lykilatriðið við stjórnun orðræðu út á „fjöldatakmörkun mælendanna“, þ.e.a.s. valdhafar „ákvarða skilyrðin fyrir því að mega hefja [orðræður], [þeir] setja reglur þeim einstaklingum sem hafa þær á hendi og leyfa þannig ekki öllum að hafa aðgang að þeim [...]; enginn gengur í reglu orðræðunnar nema hann fullnægi vissum kröfum eða sé frá öndverðu hæfur til þess“.¹⁵ Kröfurnar og hæfnin geta verið af ýmsum toga, t.d. ákveðnar kröfur innan „orðræðusamfélaga“, eins og samfélög kvæðamanna til forna, eða kröfur út frá „félagslegri tileinkun orðræðunnar“, eins og hæfnismat út frá menntun einstaklings. Með mismunandi kröfum er hins vegar verið að „ tryggja það, að mælendurnir dreifist í mismunandi gerðir orðræðna og að ákveðnir flokkar mælenda hafi umsjón með orðræðunni“.¹⁶ Þannig myndast tengsl milli þekkingar og valds sem eftirlendubókmenntir hafa reynt að varpa ljósi á með því að grafa undan þeirri

¹¹ Sama heimild. Bls. 164.

¹² Bill Ashcroft, Gareth Griffiths og Helen Tiffin: *The Empire Writes Back*. Bls. 103.

¹³ Um „öðrunar“ hugtak Spivak má m.a. sjá í ritinu *Europe and Its Others*. Fyrsta bindi. (Colchester, University of Essex Press. 1985)

¹⁴ Bill Ashcroft, Gareth Griffiths og Helen Tiffin: *The Empire Writes Back*. Bls. 97.

¹⁵ Michel Foucault: „Skipan orðræðunnar“. *Spor í bókmenntafræði 20. aldar*. Bls. 191-226. Þýðandi Gunnar Harðarson. Ritstj. Garðar Baldvinsson, Kristín Birgisdóttir og Kristín Viðarsdóttir. (Reykjavík, Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands. 1991) Bls. 206.

¹⁶ Sama heimild. Bls. 207-209.

innbyggðu valdaafstöðu sem felst í andstæðuparinu miðja-jaðar. Þessi valdatengsl birtast einkum á þrjá vegu í textum nýlenda og eftirlenda: 1) Í því að heimsveldis-miðjan jaðrar rödd nýlendubúanna, m.a. með hugmyndum um „upprunaleika“ heimsveldismenningarinnar sem grefur svo undan gildi nýlendumenningarinnar, og í gegnum ritskoðun eða þöggun, en þá fær rödd þeirra ekki að hljóma á eigin forsendum eða hún fær alls ekki að hljóma. 2) Í ógildingu heimsveldis-miðjunnar innan eftirlendutextans, m.a. með innlimun jaðar-hugtaksins í menningu nýlendunnar, og með því að varpa ljósi á tvíþendni „öðrunar“-hugtaksins, þ.e. ímyndar „hins“. 3) Í virkri upptöku á tungumáli og menningu miðjunnar; aðlögun nýlendumenningarinnar að heimsveldismenningunni í nokkurs konar blendingsformi.¹⁷

Eftirlendubókmenntir geta þannig dregið kúgandi forræðishyggju heimsveldisstefnunnar fram í dagsljósið með skáldverkum sem varpa ljósi á stigveldisskiptingu miðjunnar og jaðarins, hvort heldur er innan bókmenntasviðsins sjálfs, svo sem með því að afhjúpa og/eða „endurrita“ bókmenntakanónuna, eða innan hins þjóðfélagslega samhengis, þá í gegnum efnisval og túlkun á veruleikanum. Suður-afríski rithöfundurinn J.M. Coetzee er gott dæmi um eftirlenduhöfund sem hefur tekist á við hvort tveggja: Annars vegar í bókinni *Foe* frá árinu 1986, þar sem hann endurvinnur efni skáldsögunnar *Robinson Crusoe* eftir Daniel Defoe, frá árinu 1719, og beinir m.a. athygli að hlutskipti hins „jaðraða“ og „þaggaða“ Fridays. Hins vegar í bókinni *Waiting for the Barbarians* frá árinu 1980, þar sem hann leikur sér að hugmyndinni um hverjir hinir raunverulegu „villimenn“ séu út frá andstæðuflokkuninni siðmenntaðir/„við“ gegn „villimönnum“/„hinum“. Þannig er „jaðarinn“ farinn að svara „miðjunni“; nýlendurnar verða uppspretta nýrrar sköpunar sem býður heimsveldisstefnunni og algildiskröfu hennar byrginn, og sagan er endurskoðuð og endurrituð frá sjónarhóli „fórnarlambanna“.¹⁸

Eftirlendufræði vinna með hugmyndir um völd og yfirráð, forræði og stigveldi og þau skarast við og vinna með kenningar fjölmargra annarra hugmyndastefna 20. aldar. Ber þar einna mest á tengslum við marxíska hugmyndafræðigagnrýni, orðræðugreiningu Foucaults og femíníska gagnrýni. Þannig má t.d. sjá bein tengsl milli hugmynda um konuna og hugmynda um nýlendubúann: Bæði eru jöðruð í hlutverki „hins“, kúguð og undirokuð í sögunni, og með sögunni, í gegnum forræðishyggjuna sem liggur að baki

¹⁷ Bill Ashcroft, Gareth Griffiths og Helen Tiffin: *The Empire Writes Back*. Bls. 83.

¹⁸ Sama heimild. Bls. 33 og 34

heimsveldisstefnunni og feðraveldinu.¹⁹ Gayatri Chakravorty Spivak innleiddi hugtakið „subaltern“ um þá sem eru neðstir í valdastiganum, þá sem hvorki hafa sögu sem hlustað er á né rödd sem heyrir. Hún bendir á að í ljósi þess hvernig hugmyndafræðileg uppbygging kyngerva viðheldur ráðandi stöðu karlkynsins yfir kvenkyninu, þá sé hin „subaltern“ kona tvöfalt afmáð í nýlendu-orðræðunni, í margfaldri jaðarstöðu. Hún sé því hvort tveggja í senn; þögguð í sögunni sem kona og mállaus sem nýlendubúi, og hafi þannig hvorki rödd né rými til að tjá sig. Rannsóknir Spivak á ekkju-fórnum í Hindútrú leiddu hana að þeirri niðurstöðu að þrátt fyrir að þær geri tilraun til að tjá sig, þá séu hinar „subaltern“ konur hvorki heyrdar né lesnar.²⁰

Orðræða eftirlendufræða kallar á ákveðna leið til að hugsa um tungumál, sannleika og vald, sem og um tengslin þarna á milli, - hvernig baráttan um valdið birtist m.a. í árekstrum/togstreitunni milli sannleikans, „staðreynda“ og tungumálsins. Eftirlendufræðin takast þannig á við póstmóðernískt og póst-strúktúralískt sjónarhorn á tungumálið, enda er tvíhyggjan, sem liggur flestum eftirlendubókmenntum til grundvallar, lýsandi fyrir það hvernig tungumál og vald virkar. Þá má benda á að einmitt vegna þess að eftirlendufræðin leita í og notfæra sér önnur evrópumiðuð fræði til að varpa ljósi á og gagnrýna evrópska heimsveldisstefnu má segja að þau framkalli „nýja algildisstefnu“²¹ sem styrki hið sama evrópumiðaða forræði og þau lögðu upp með að afhjúpa. Ef allir staðlarnir sem gengið er út frá eru evrópumiðaðir, hvernig geta þeir þá fjallað um málefni og viðfangsefni eftirlenda á þeirra eigin forsendum?²²

Þjóðir í mótun

Hugmyndir um þjóðernishyggju í nútímaskilningi eru jafnan raktar aftur til 18. aldar, og er í því tilliti oftast vísað til kenninga Johanns Gottfrieds Herders (f.1744, d.1803) um að hver þjóð myndi lífræna heild. Í riti sínu *Ideen zur Philosophie der Geschichte der Menschheit* (1784-1791) leggur hann áherslu á margbreytileika þjóða; að líta megi á þjóð sem eina lífveru er hafi einstök persónuleg sérkenni og ákveðna þjóðarsál. Tungumálið áleit hann vera mikilvægan sameiningarhlekki hvernar þjóðar, enda fæli það í sér tengsl við fortíð, sögu og náttúru landsins, ásamt því að tengja einstaklinga nútímans saman innan þjóðarinnar: „Þjóð væri hópur manna sem talaði sömu tungu, en

¹⁹ Sama heimild. Bls. 174 – 176.

²⁰ Gayatri Chakravorty Spivak: „Can the Subaltern Speak“. *The Post-Colonial Studies Reader*. Bls. 28-37.

²¹ Í bókinni *The Empire Writes Back* er heitið „neo-universalism“ notað, bls 173.

²² Bill Ashcroft, Gareth Griffiths og Helen Tiffin: *The Empire Writes Back*.

sagan og náttúruöflin hefðu mótað tungumálin í aldanna rás og þau væru eins konar forðabúr sameiginlegra minninga þjóðanna“.²³

Kenningar Herders mynda ákveðinn grunn sem umræða 19. og 20. aldar um þjóðerni og mótun þjóða hefur byggt á. Þannig fjallar Homi Bhabha t.d. um þjóðarmenningu út frá svipuðum forsendum og Herder, þ.e. hann kemur inn á tengsl sögu og fortíðar við tungumál og hvernig þessir þættir hafa áhrif á myndun og þróun þjóðmenningar í nútímanum; hvernig þjóðin er búin til sem frásögn. Hann hafnar aftur á móti hugmyndum um sögulegan uppruna hreinnar og ómengaðrar þjóðmenningar, og leggur áherslu á síbreytileika menningarinnar í samtímanum. Þannig telur hann t.d. að hinn ákveðni „þjóðleiki“, sem innifalinn sé í þjóðernishyggjunni, sé ekki afdráttarlaus afurð sögulegrar þróunar þjóðfélagsins, heldur sé þjóðleiki smíð menningarinnar, þ.e.a.s. þjóðleikinn sé ein tegund félagslegra og textalegra tengsla sem vinna úr sögunni í samhengi nútímans. Hann bendir á *tvíbendni tímans* og vill með því leggja áherslu á að þjóðerni sé sett fram á skilum tvöfalds og klofins tíma, en ekki í tímalegri framrás sögunnar. Annars vegar mótist þjóðarmenningin út frá *fortíðinni*, sem sögulegt viðfang þjóðernismótunar, og hins vegar mótist hún út frá gjörningum, eða virkni fólksins í *samtímanum*; hvernig það vinnur með og úr fortíðinni „með endurtekningu og slætti hins þjóðlega tákns“.²⁴ Á þessum áttakapunkti myndast jafnframt það sem Bhabha kallar tvístrun þjóðarinnar, en hann vill meina að misleitni íbúanna innan þjóðarinnar geri það að verkum að menningarlega „virknin“ er sjaldnast jafn einsleit og samhæfð og þær ímyndir sem þjóðernishyggjan vill setja fram um þjóðina. Bhabha vill því leggja áherslu á síbreytileika og stöðuga endurnýjun þjóðmenningar og vitnar í því samhengi í ritgerð Frantz Fanons „On National Culture“ („Sur la culture nationale“).²⁵ Þar talar Fanon um virkni fólksins sem „bylgjukenn[ing] hreyfing[ing] sem fólkið er rétt í þessu að móta“ og þjóðmenning verði því alltaf til „samtímis því að hún er flutt“.²⁶ Þá bendir Bhabha einnig á mikilvægi viljans til að verða sjálfstæð, sameinuð þjóð, og vísar þar í ritgerð Ernest Renans „What is a Nation?“ („Qu'est-ce qu'une nation?“).²⁷ Renan heldur því

²³ Sigríður Matthíasdóttir: *Hinn sanni Íslendingur. Þjóðerni, kyngervi og vald á Íslandi 1900-1930*. (Reykjavík, Háskólaútgáfan. 2004) Bls. 25.

²⁴ Homi K. Bhabha: „Tvístrun þjóðarinnar. Tími, frásögn og jaðar nútímaþjóðarinnar“. Þýðandi Steinunn Haraldsdóttir. *Ritið. Tímarit hugvísindastofnunar: 2/2005 (Útlönd)*. Bls. 177-220. Bls. 191.

²⁵ Hér vísar Bhabha í ritgerð Frantz Fanons „On National Culture“ sem var hluti af bókinni *The Wretched of the Earth*. (Harmondsworth, Penguin. 1969)

²⁶ Homi K. Bhabha: „Tvístrun þjóðarinnar“. Bls. 197.

²⁷ Hér vísar Bhabha í ritgerð Ernests Renans „What is a Nation?“ úr bókinni *Nation and Narration*, í ritstjórns Bhabha sjálfs (London og New York, Routledge.1990), en sjá má svipaðar hugmyndir í ritgerð Fanons: „On National Culture“.

fram að viljinn til sjálfstæðis feli jafnframt í sér skyldu til að gleyma ýmsu úr fortíð þjóðarinnar, og að þessi gleymska marki „*upphaf* frásagnar þjóðarinnar [...]“ og verði um leið „grunnurinn að því að muna þjóðina“.²⁸ Því megi segja að það sé þessi meðvitaða uppbygging þjóðernisorðræðu sem sameini fólkið og þjóðarviljann og skapi þar með sameiginlega ímynd fyrir þjóðina.

Í kjölfar frönsku byltingarinnar (1789-1799) óx þjóðernishyggjunni ásmegin. Á 19. öld stóðu fjölmargar Evrópuþjóðir í meðvitaðri ímyndarsköpun fyrir land sitt og þjóð, og var Ísland ekki undanskilið. Þessi ímyndarsköpun mótaði sjálfsmyndir þjóðanna, sem hófu að líta á sig sem sameinaða heild með skýr og sérstök einkenni sem aðgreindu þær frá öðrum þjóðum, en þessi sérstöku einkenni dragast saman í ákveðna staðalmynd þjóðarinnar. Þjóðernishyggjan er alþjóðleg í eðli sínu, þ.e. hún er háð samskiptum við aðrar þjóðir þar sem hver þjóð þarfnast viðurkenningar annarrar á réttmæti sínu sem þjóð á meðal þjóða. Af þessum sökum snerist sjálfstæðisbarátta margra nýlenda að miklu leyti um að byggja upp sterka og sannfærandi þjóðarímynd.²⁹

Sigríður Matthíasdóttir bendir á, í riti sínu *Hinn sanni Íslendingur. Þjóðerni, kyngervi og vald á Íslandi 1900-1930*, að líta megi á þá fræðimenn sem stóðu að mótun ímyndar fyrir þjóð sína sem „höfunda pólitískra goðsagna“, og að hlutverk þeirra hafi verið „að leggja þjóðum sínum til nothæfa, nútímalega sjálfsmynd með því að umskrifa þjóðarsöguna“.³⁰ Þessir fræðimenn fóru með valdið sem felst í því að móta þjóðernisorðræðu sem aðrir taka svo upp og líta á sem sannleika; með öðrum orðum þá velja þeir hvað skuli upphefja úr fortíðinni og hverju skuli „gleyma“. Á Íslandi hófst mótun þjóðarímyndar á 19. öld, með upphafningu menntamanna á fornri sögu þjóðarinnar og náttúru landsins í ljóðum og bókmenntum, en hún náði hámarki um og upp úr aldamótunum 1900 þegar íslenskir fræðimenn, eins og t.d. Jón Jónsson Aðils,³¹ Guðmundur Finnbogason og Valtýr Guðmundsson, lögðu línurnar í sköpun þjóðernisgoðsagna landsins. Þeir byggðu m.a. á kenningum Herders um lífrænt eðli þjóða með áherslu á sameiningarmátt og uppeldisgildi tungumálsins og náttúrunnar, en lögðu jafnframt mikla áherslu á eitt helsta meginstef hinnar þjóðlegu vakningar, þrískiptingu þjóðarsögunnar: 1) Tímabil gullaldar, sem á Íslandi væri landnámstíminn fram til ársins 1262 þegar þjóðin gekk í samband við Noregskonung, en á þeim tíma

²⁸ Homi K. Bhabha: „Tvístrun þjóðarinnar“. Bls. 207-208.

²⁹ Jón Yngvi Jóhannsson: „„Jøklens Storm svaledede den kulturtrætte Danmarks Pande“. Um fyrstu viðtökur dansk-íslenskra bókmennta í Danmörku“. *Skírnir*, vor 2001. Bls. 33-66. Bls. 42.

³⁰ Sigríður Matthíasdóttir: *Hinn sanni Íslendingur*. Bls. 26.

³¹ Sjá m.a. alþýðufyrirlestra hans í Reykjavík sem voru gefnir út á þremur bókum á árunum 1903-1910, undir titlunum *Íslenskt þjóðerni*, *Gullöld Íslendinga* og *Dagrenning*.

hafi þjóðin „lifað í samræmi við sitt sanna eðli; þjóðin var hún sjálf“.³² 2) Niðurlægingartímabil, sem á Íslandi ríkti frá upphafi Noregssambandsins og um það bil til loka 18. aldar, en þá „hnignaði þjóðinni vegna erlendra yfirráða og hún lá í eynd og vesöld“.³³ 3) Endurreisnartímabil, sem á Íslandi einkenndi alla 19. öldina, þegar áhersla var lögð á að endurvekja fyrri dýrð þjóðarinnar og endurheimta gullaldareðli hennar.

Með því að leggja áherslu á þessa tvo þætti, lífrænt eðli þjóðarinnar og forna og glæsta fortíð hennar, og skapa um leið sjálfsmynd þjóðarinnar, reyndu þessir fræðimenn að staðfesta gildi kröfunnar um nútímalegt og sjálfstætt þjóðríki Íslands, auk þess sem þeir leituðust við að sýna fram á réttmætt tilkall landsmanna um að vera metnir sem þjóð. Sköpun sterkrar þjóðarímyndar var þó ekki þrautalaus, eins og Jón Yngvi Jóhannsson og Kristín Loftsdóttir hafa bent á, en þau fjalla bæði um viðhorf Íslendinganna sjálfra til stöðu sinnar í alþjóðasamhengi á 19. og í upphafi 20. aldar. Kristín talar t.d um að íslenskir greinaskrifarar *Skírnis* á 19. öld hafi greinilega litið á sjálfa sig sem hluta af hinni siðmenntuðu Evrópu í andstöðu við „frumstæða villimenn“ afrísku nýlendanna; þeir hafi notað greinaskrif sín til að aðgreina sig frá „frumstæðu villimönnunum“ og ekki sýnt neina samúð eða samsömun með þjóðum Afríku, sem rétt eins og Íslendingar þurftu að lúta erlendum yfirráðum.³⁴ Jón Yngvi fjallar m.a. um hörð viðbrögð Íslendinga vegna nýlendusýningar Dana árið 1905, en Íslendingarnir mótmæltu því harðlega að þeim væri „stillt upp til sýnis með öðrum og „óæðri“ kynþáttum“, ásamt því að þeir gátu „ekki þolað að Ísland væri kynnt sem hjálenda eða nýlenda Dana“.³⁵ Íslendingar áttu bágð með að samsama sig öðrum nýlenduþjóðum og þeir lögðust hreint út sagt gegn því að Ísland væri flokkað sem nýlenda eins og Jón Yngvi bendir á, þrátt fyrir að þeir „væru ef til vill tilbúnir að samþykkja að Danir færu engu skár með Ísland en „raunverulegar“ nýlendur sínar á Grænlandi og í Vestur-Indíum“.³⁶ Hins vegar litu Danir á Ísland sem óaðgreinanlegan hluta af stórveldi sínu, enda vildu þeir með þessari sýningu kynna allar nýlendur og hjálendur sínar og varpa ljósi á framandlega menningu þessara „jaðarsvæða“. Í ljósi vestrænnar tvíhyggju um

³² Sigríður Matthíasdóttir: „Þjóðerni og karlmennska á Íslandi við upphaf 20. aldar“. *Þjóðerni í þúsund ár*. Bls. 119-132. Ritstj. Jón Yngvi Jóhannsson, Kolbeinn Óttarsson Proppé og Sverrir Jakobsson. (Reykjavík, Háskólaútgáfan. 2003) Bls. 120.

³³ Sama heimild.

³⁴ Sjá m.a. í greinum Kristínar Loftsdóttur: „Tómið og myrkrið. Afríka í *Skírni* á 19.öld“. *Skírni*, vor 2004. Bls. 119-151 og „Bláir menn og eykonan Ísland. Kynjamyndir karlmennsku og Afríku á 19.öld“. *Ritið. Tímarit hugvísindastofnunar: 2/2005 (Útlönd)*. Bls. 21-44.

³⁵ Jón Yngvi Jóhannsson: „Af reiðum Íslendingum. Deilur um Nýlendusýninguna 1905“. *Þjóðerni í þúsund ár*. Bls. 135-150. Bls. 139.

³⁶ Sama heimild: Bls. 136.

„okkur“-„hina“ er greinilegt að Íslendingum var mikið í mun að staðsetja þjóðina sem hluta af hinni siðmenntuðu og vestrænu Evrópu og reyna að draga úr þeim hugmyndum um framandleika og jaðar-einkenni sem landinu höfðu verið eignuð í skrifum erlendra (oft danskra) fræðimanna á fyrri öldum, sem settu Ísland í hóp með „hinum“, „villimönnunum“.³⁷

Hin þjóðernislega sjálfsmynd Íslendinga litaðist óhjákvæmilega af þessari baráttu íslenskra menntamanna fyrir að fá þjóðina samþykka í samfélagi þjóða, og í þeim tilgangi drógu þeir saman þau einkenni sem þeir töldu mikilvægust fyrir sjálfstæðan og pólitískt þroskaðan einstakling í ákveðna staðalmynd þjóðarinnar. Sú staðalmynd sýndi Íslendinga sem sterka, hugrakka og framfarasinnaða einstaklinga; þeir væru skynsamir og rökvisir, og hefðu takmarkalaus þörf fyrir frelsi, en þessir eiginleikar „eru meðal þeirra þátta sem kynjafræðingar telja dæmigerða fyrir karlmennskuímyndir nútímans“.³⁸ Þessi karllæga sjálfsmynd endurspeglar viðhorf karlmanna til kvenna í upphafi 20. aldar, en þeir litu svo á að „eðli kvenna einkenndist af dómgreindarleysi, tilfinningasemi og ósjálfstæði en þar með var það í algærri andstöðu við hið sanna eðli þjóðarinnar“.³⁹ Hin íslenska sjálfsmynd virtist því útiloka konur þegar hún myndgerði hinn sanna Íslending: Þjóðin var karlgerð.

Þrátt fyrir mikla áherslu á karlmennsku þjóðarinnar var landið sjálft upphafið í kvenlegum eiginleikum í ímynd fjallkonunnar, auk þess sem menningin, sagan og tungan voru kvenkennd með áherslu á móður-eiginleika og uppeldishlutverk. Þannig skipa kvenlegir þættir einnig stóran sess í myndun þjóðarímyndar Íslands, enda var rík áhersla lögð á sérstöðu íslenskrar menningar, sögu og tungumáls. Myndbirting landsins í líki fjallkonunnar er þó varla til þess fallin að upphafa konuna, heldur er þar fremur lögð áhersla á „eðlislægt“ kven-hlutverk konunnar: móður- og uppeldishlutverkið. Með kvengervingu landsins er vald karlmanna yfir því undirstrikað; „eykonan Ísland er holdgervingur líkama landsins sjálfs og náttúrunnar“ sem íslenska þjóðin (karlmenn) hefur lagt undir sig, eins og Kristín bendir á.⁴⁰ Fjallkonan táknar þannig yfirráð karlmanna, hún er „karllegt tákn, tákn frelsis og sjálfstæðis“, og áherslan á karllæga

³⁷ Kristín Loftsdóttir: „Tómið og myrkrið“.

³⁸ Sigríður Matthíasdóttir: „Þjóðerni og karlmennska á Íslandi við upphaf 20. aldar“. Bls. 122.

³⁹ Sama heimild. Bls. 123-124.

⁴⁰ Kristín Loftsdóttir: „Bláir menn og eykonan Ísland“. Bls. 43.

staðalmynd þjóðarinnar andspænis kvenlegum myndbirtingum landsins undirstrikar því „eðlislega“ yfirburði hins íslenska karlmanns.⁴¹

Skrif Halldórs Laxness í ljósi eftirlendufræða

Nútíminn og íslensk menning

Mótun þjóðarímyndar og sjálfsmyndarsköpun Íslendinga um aldamótin 1900 hefur óhjákvæmilega haft áhrif á þjóðlíf samtímans og samfélagið í landinu, en Halldór Kiljan Laxness (f.1902, d.1998) ólst einmitt upp á þessum tíma þjóðernislegrar upphafningar. Á unga aldri hóf hann að birta greinar í blöðum og tímaritum héraðs, en á unglingsárum hans báru greinarnar sterkan keim af rómantískri náttúrusýn og upphöfnum þjóðernishugmyndum sem voru ríkjandi um aldamótin. Um og upp úr tvítugu varð hann hins vegar þekktari fyrir greinar sínar, ritgerðir og fyrirlestra um menningarástand og þjóðfélagsrýni, og augljóst var að hér fór ungur maður sem var ekki hræddur við að viðra skoðanir sínar. Á þriðja áratug 20. aldar birtu blöðin fjöldann allan af greinum eftir rithöfundinn; greinar sem hann skrifaði héraðs sem og beggja vegna Atlantshafsins, og voru löngu síðar dregnar saman í bókinni *Af menningarástandi* (1986), ásamt því sem hann gaf út ritgerðasafnið *Alþýðubókina* árið 1929. Á þessu tímabili gaf Laxness einnig út nokkur skáldverk, þar á meðal tímamótaverkið *Vefarann mikla frá Kasmír* (1927), og hinum megin við þriðju áratugaskiptin gaf hann út bókina um Sölku Völku í tveimur bindum, *Þú vínviður hreini* (1931) og *Fuglinn í fjörunni* (1932).⁴² Bæði greinasöfnin og skáldsögurnar gefa skýra mynd af afstöðu Halldórs til íslensks samfélags, og sýna hvernig sú afstaða þróast með þeim áherslubreytingum sem verða á verkum hans í lok þriðja áratugarins, en greinarnar frá fyrri hluta áratugarins kallast mjög á við *Vefarann mikla frá Kasmír* á meðan ritgerðirnar úr *Alþýðubókinni* kallast frekar á við efni *Sölku Völku*. Þannig er lögð meiri áhersla á gildi nútímalegs menningarlífs og yfirbragð heimsborgarans í *Vefaranum*, í svokallaðri „borgaralegri skáldsögu“, en með *Sölku Völku* snýr Laxness sér að hinni epísku alþýðuskáldsögu, með

⁴¹ Inga Dóra Björnsdóttir: „„Þeir áttu sér móður“. Kvenkenndir þættir í mótun íslenskrar þjóðernisvitundar“. *Fléttur. Rit rannsóknarstofu í kvennafræðum 1*. Bls. 65-85. Ritstj. Ragnhildur Richter og Þórunn Sigurðardóttir. (Reykjavík, Háskólaútgáfan. 1994) Bls. 79.

⁴² Sjá m.a. í *Halldór Laxness - ávisaga* eftir Halldór Guðmundsson. (Reykjavík, JPV útgáfa. 2004)

áherslu á öreigana, eins og Helga Kress kemur inn á í grein sinni „Okkar tími – okkar líf, þróun sagnagerðar Halldórs Laxness og hugmyndir hans um skáldsöguna“.⁴³ Þar fjallar Helga einnig um viðhorfsbreytingu hans á þessum tíma til listarinnar og hlutverks listamannsins; hann sé farinn að gagnrýna „hégómleika“ borgaralegu skáldsögunnar og telji frekar „að listin eigi að þjóna alþýðunni, [og] að gildi hennar sé fyrst og fremst siðrænt“.⁴⁴ Helga bendir þó á einn óbreytanlegan áhersluþátt í viðhorfi hans til listarinnar, en hann er sá að „frumskylda listamanns [sé ætíð sú] að tjá samtíma sinn“.⁴⁵ Þetta viðhorf kemur fram í fjölmörgum greinaskrifum hans um list og menningu í gegnum tíðina, m.a. í grein hans „Tíska og menning“, sem birtist í Morgunblaðinu 21. maí 1925, þar sem hann „bend[ir] á þann sannleik einan, að fyrsta skilyrðið til þess að nokkur andans maður skari frammúr samtíð sinni, er það að hann sje barn samtíðar sinnar“.⁴⁶

Í greinunum sem dregnar voru saman í *Af menningarástandi* fjallar Laxness af miklum eldmóði um skort á siðfágun og nýjungagirni í íslensku samfélagi og talar um almenna ómenningu, t.d. drykkjumenningu Íslendinga, og menningarstöðnun í landinu. Hann segir að „menningin heimt[i] nýngar, líf[i] á nýngum, þrosk[ist] vegna nýnga, en hjaðn[i] og staðn[i] nýngalaus, depr[ist] og dey[i]“ og gagnrýnir íslenska menntamenn fyrir að vera 20-50 árum á eftir samtímanum í hugsun.⁴⁷ Þessi afstaða Halldórs til mikilvægis nútímamenningar fyrir íslenskt samfélag mótast ekki síst af heimsborgaralegu viðmóti hans sjálfs, en 17 ára gamall fór hann í sína fyrstu utanlandsför, og ferðaðist eftir það víðsvegar um heiminn, þar sem hann drakk í sig alla nýjstu straumana í tísku og menningu. Þannig bera viðfangsefni og efnistösk skáldsögunnar *Vefarans mikla frá Kasmír* sterkan keim af skoðunum hans um menningarástandið á þessum tíma og vitna um þann áhrifaþunga sem hann leggur á hlutverk nútímamenningar.

Ungi höfundurinn blandar saman ýmsum ólíkum og nýstárlegum frásagnarstílum við uppbyggingu *Vefarans*, og persónur sögunnar og hlutskipti þeirra endurspeglar viðhorf hans til samtímans. Þannig kallast persónusköpunin á við þau sjónarmið sem koma fram í greinaskrifum Halldórs. Steinn Elliði birtist í hlutverki heimsborgarans og

⁴³ Helga Kress: „Okkar tími – okkar líf. Þróun sagnagerðar Halldórs Laxness og hugmyndir hans um skáldsöguna“. *Sjö erindi um Halldór Laxness*. Bls. 155-182. Ritstj. Sveinn Skorri Höskuldsson. (Reykjavík, Helgafell. 1973)

⁴⁴ Sama heimild. Bls. 162 og 167.

⁴⁵ Sama heimild. Bls. 155.

⁴⁶ Halldór Laxness: „Tíska og menning. Um ljóð“. *Morgunblaðið*. 21. maí 1925. Bls. 6

⁴⁷ Sama heimild. Bls. 6.

nútímamannsins og ber öll þau einkenni sem Halldór tiltekur í skilgreiningu sinni á nútímamanninum í greininni „Úr circus menningarinnar“:

Nútímamaðurinn hefir hundrað og fimmtíu lífsskoðanir, en engin þeirra er hans eigin. [...] Hann hefir ekki gert sjer það ljóst, en sálkönnuðurinn veit, að út frá hans sjónarmiði, er lífið blekking, starfið hjejómi, kenning um manndygðir einskonar goðafræði, Guð fagurfræði, sannleikurinn reykur upp úr strompunum. Hann berst ekki fyrir neinu, leggur ekkert í sölurnar, á ekki áhugamál nema gullvængjaðar dægurflugur og er hin væmnasta bleyða. [...]

Vitaskuld er ást lífennisgrundvöllur hans. Við lifum allir á því að elska. Nútímamaðurinn elskar heillandi algleyminginn, glitrandi sápukülurnar sem hann blæs upp af sínum eigin auvirðileik; hann dáleiðir skilningarvit sín með nautnum, sefar ástríður sínar með losta, svalar vitsmunum sínum með listakukli og skáldskap eða leikur loddarakúnstir með guðsorð og hugsjónir, vitnar í Krist.⁴⁸

Steinn Elliði er þannig langt frá því að vera einföld persóna og það er helst togstreitan milli hans eigin, sveiflukenndu lífsskoðana frá sjálfshyggju, mannhyggju til trúarlegra viðhorfa, og ástarinnar sem hann ber til Diljár sem stýra athöfnum hans og ráða að lokum örlögum hans.

Útlitslega endurspeglar Diljá hugmyndir höfundarins um nútímakonuna, en höfundur dregur athygli lesandans að því að sem fullorðin kona er hún með drengjakoll⁴⁹, en Halldór tiltekur hárgreiðsluna sem tísku-einkenni nútímakonunnar, vitnisburð um „nýtt hugarfar, nýjan skilning á stöðu konunnar og lífshlutverki; hann er ytra tákni einhvers sem nálgast spánýtt lífsviðhorf kvennanna“.⁵⁰ Hann segir jafnframt að nútímakonan „leit[ist] aðeins við að gera sig sem hæfasta til að geta fylgt [manninum] eftir í andlegum efnun, vera fjelagi hans og förunautur, sem standi honum hvergi að baki um mentun og vitsmuni“, en Diljá minnst m.a. á það, í bréfi sem hún skrifar til Steins en sendir aldrei, að hún hafi lagt það á sig að læra það sem hann lærði í því skyni „að geta verið [honum] andlegur förunautur“.⁵¹ Að öðru leyti kallast aðstaða hinnar fullorðnu Diljár á við hlutskipti Jófríðar, móður Steins Elliða, en hún endurspeglar þá skoðun höfundar, sem birtist síðar í *Alþýðubókinni*: „[F]ullkomin frú hinnar betri borgarastéttar er hin algerðasta skækjutegund sem tekist hefur að rækta“, segir Halldór, en báðar giftast Jófríður og Diljá forríkum og fjarlægum mönnum þrátt fyrir að bíða hinnar sönnu ástar; Jófríður eftir draumaprinsinum en Diljá eftir Steini

⁴⁸ Halldór Laxness: „Úr circus menningarinnar“. *Morgunblaðið*. 14. des. 1924. Bls. 2

⁴⁹ Sjá m.a. bls. 154 í *Vefaranum mikla frá Kasmír*. 8. útgáfa. (Reykjavík, Vaka-Helgafell. 2006 [1927])

⁵⁰ Halldór Laxness: „Drengjakollurinn og íslenska konan“. *Morgunblaðið*. 9. ágúst. 1925. Bls. 5

⁵¹ Halldór Laxness: Sama heimild. Bls. 6 og *Vefarinn mikli frá Kasmír*. Bls. 55.

Ellíða.⁵² Til að flækja persónusköpun Diljár enn frekar má benda á tengsl hennar við Ísland. Í bókinni má segja að hún komi fram sem tákn Íslands, en hún elst upp í „fjallanáttúrunni íslensku, uppí giljum og lýngbrekkum, uppmeð lækjum eða í birkiskógum“, og þegar Steinn Elliði hugsar til heimalands síns sem hann yfirgaf þá hugsar hann jafnframt til stúlkunnar sem hann skildi eftir:⁵³ „Hann gerðist dapur af heimþrá einsog forníslendingur. Og þó heilagur væri gat hann ekki varist því að minnast úngrar stúlku sem hann hafði kvatt uppvið fjöll fyrir nær tíu misserum“.⁵⁴ Í þessu samhengi má sjá líkindi við fjallkonuýmýnd landsins, þ.e. Diljá birtist sem táknmynd landsins, konan/landið sem bíður á sínum stað eftir að maðurinn snúi aftur. Þá er jafnframt freistandi að sjá persónu Steins Elliða sem „nútimavædda“ táknmynd hins *sanna Íslendinga*, eins og skaparar þjóðernislegu sjálfsmýndarinnar settu hann fram á sínum tíma, en Steinn er „framfarasinnaður“ og vel að sér í nútíma hugmyndastefnum, og hefur „takmarkalaus þörf fyrir frelsi“. Þannig mætti túlka Stein Elliða og Diljá sem sitthvora hliðina á íslenskri þjóðarýmýnd: Steinn Elliði er karllæga, upphafna hliðin en Diljá er kvenlega hliðin sem snýr ávallt niður.

Halldór Laxness og nútímavæðing íslenskrar sjálfsmýndar

Í *Alþýðubókinni* kveður við nokkuð nýjan tón, sem endurómar í sögunni um Sölku Völku, en eins og áður hefur komið fram þá leggur Halldór meiri áherslu á upprætingu fátæktar og upplýsingu öreiganna í ritgerðum *Alþýðubókarinnar*. Hér er í raun um vendipunkt að ræða. „Í bernsku var ég þeirrar trúar að trúarbrögð, skáldskapur og listir yrði oss til blessunar, en nú finst mér brýnni þörf á rafmagnsljósum, baðáhöldum og vatnssalernum“, segir hann og vill meina að trúariðkun og fagrar listir megi sín lítills hjá þjóð „sem hefur ekki einu sinni lært að gera frumkröfur síðaðs fólks“.⁵⁵ Þessi viðhorfsbreyting gerir þó fyrst vart við sig í grein hans „Raflýsing sveitanna“, sem birt var í *Alþýðublaðinu* 1927, en þar segir hann „[m]enníngarverðmæti [vera] lífsþægíndi og gagnkvæmt“.⁵⁶ Hann talar um að „[m]enníng [sé] umfram alt það að hafa sigrast á fátækt og vesaldómi“, og ítrekar að „[menning] get[í] ekki skapast annarsstaðar en þar

⁵² Halldór Laxness: „Karl, kona, barn“. *Alþýðubókin*. 4. útgáfa. Bls. 160-183. (Reykjavík, Mál og menning. 1955 [1929]). Bls. 163.

⁵³ Halldór Laxness: *Vefarinn mikli frá Kasmír*. Bls. 56.

⁵⁴ Sama heimild. Bls. 237.

⁵⁵ Halldór Laxness: „Um þrifnað á Íslandi“. *Alþýðubókin*. Bls. 70-86. Bls. 75 og 76.

⁵⁶ Halldór Laxness: „Raflýsing sveitanna“. *Af menníngarástandi*. Bls. 128-143. (Reykjavík, Vaka – Helgafell. 1986) Bls. 129.

sem hin ytri lífskjör kom[i]st upp fyrir ákveðið lágmark“.⁵⁷ Í *Sölku Völku* birtast þessi viðhorf skýrt í lýsingum á þorpinu Óseyri við Axlarfjörð og lífinu og menningunni þar, en þar einblínir höfundur á að lýsa örbirgð fátæklingsins. Höfundur beitir fyrir sig írónskri rödd sögumanns, en í upphafi sögunnar talar sögumaður um að svo „virðist sem ekkert í heiminum geti verið öllu ómerkilegra og þýðingarlausara en svona lítið þorp undir svona háum fjöllum“:

Það hlýtur að koma fyrir á slíkum stöðum að menn sjái speglast hver í annars augum sannfæringuna um fánýti þess að vera til. Því hver maður hlýtur að viðurkenna að það er öldungis gagnslaust að lifa á slíkum stað, því hér er ekkert undirlendi nema þessi litli dalur [...] [en] [ö]ll menning og öll ánægja skapast á undirlendi.⁵⁸

Aðstæður almúgans í þessu afskekktu sjávarþorpi eru allar hinar nöturlegustu. Fólkið í þorpinu stritar við fiskvinnslu og veiðar þegar vertíð býður, og hefur varla í sig og á, en örfáir kotbændur hafast við inn í dalnum við síst betri kjör. Húsakynni þeirra eru varla dýrum bjóðandi, hvað þá mönnum, en flestir þorpsbúar búa í hrörlegum hjöllum sem standa varla af sér veður og vind, enda er veðrið mikill örlagavaldur á stað sem þessum: „Nú kann margur að halda að ofviðri sé bara ofviðri og þegar það sé af þá sé það af. En ofviðri er miklu nákomnara og samtvinnnaðra mannlegum örlögum í litlu sjóplássi en margur hyggur og breytir einatt heilsufari og giftíngum og hefur jafnvel áhrif á lífsferil manna“.⁵⁹ Í hrópandi andstæðu við fátækt fólksins er ríkidæmi kaupmannsins í þorpinu, Jóhanns Bogesens, en hús hans er „skrautleg[t] steinhús [...], snjóhvítt einsog mjöllin yfir heiðunum [...]“, og þar er hann algjörlega varinn gagnvart ágangi veðursins, því „[þ]ar sást hvergi frostrós á rúðu, en gul silkitjöld dregin til hálfis fyrir glugga á báðum hæðum“.⁶⁰

Kaupmaðurinn er í raun eins og kóngur í ríki sínu, enda á hann útgerðina í bænum, alla bátana og fiskvinnsluna, ásamt versluninni. Hann er því eins konar alvaldur yfir öðrum í þorpinu, þar sem hann ræður öllum helstu atvinnuvegunum og þ.a.l. launakjörum, ásamt því að stjórna einu versluninni og kjörum hennar. Mæðgurnar komast fljótlega að því hvaða lögmál það eru sem þorpsbúarnir lifa eftir, þ.e.a.s. lögmál reikningshalds Jóhanns Bogesens. Kaupmaðurinn lætur skrá laun verkamannanna í reikning hjá versluninni þar sem þeir geta síðan tekið út vörur, jafnvel í skuld ef hart er í

⁵⁷ Sama heimild. Bls. 130 og 141.

⁵⁸ Halldór Laxness: *Salka Valka*. 7. útgáfa. (Reykjavík, Vaka – Helgafell. 1999 [1931-1932]) Bls. 9.

⁵⁹ Sama heimild. Bls. 152.

⁶⁰ Sama heimild. Bls. 29-30.

ári: „Ef einhver keypti saumnálarvirði af öðrum, þá var ekkert annað en að gera vart við það í versluninni, og fimmaurarnir voru dregnir frá hjá Pétri og lagðir við hjá Páli. Með þessu guðdómlega pári virtust allir komast sléttir útúr viðskiftum á Óseyri við Axlarfjörð“.⁶¹ Reikningshaldið fær á sig yfirnáttúrulegan blæ, enda ekki á færi almúgans að skilja hvernig dularfullt kerfi talnanna virkar. Jóhann Bogesen fær hins vegar á sig mynd almáttugs yfirvalds, sem af gæsku sinni tekur ábyrgð á fólkinu sem á móti treystir honum í blindni: „[...] það má Jóhann Bogesen eiga, þessi mikli og ágæti maður, hann heldur lífinu í öllu þorpinu jafnt í vondum árum og góðum, og það er alt að þakka reikningshaldinu hans“.⁶² Kaupmaðurinn hefur skrifræðisvaldið í sínum höndum og með því má segja að hann hafi fjárræði yfir öllum í þorpinu. Þannig er vísað til kúgunarvalds einokunarverslunarinnar sem ríkti hérlendis á öldum áður, enda bendir jafnaðarsinninn Arnaldur á að við aðskilnað íslensks fjárhags frá Danmörku árið 1874 hafi „[í] raun og veru ekki annað [gerst] en það að arðránið á alþýðunni færðist inn í landið. Það voru bara höfð þjóðernaskipti á gripdeildamönnum“.⁶³

Í fyrri hluta sögunnar, *Þú vínviður hreini*, er þó ekki að sjá að fólkið barmi sér mikið yfir örlögum sínum, enda hefur ástandið verið óbreytt frá ómunatíð. Það er aðeins hinni ungu Sölku Völku sem sviður að fá ekki borgað stuttu eftir að hún byrjaði að vinna, enda vill hún verða rík. Aftur á móti svarar Eyjólfur í Mararbúð því til að „það verð[í] enginn ríkur á því að vinna“, og heldur áfram:

Þeir fáu ríkismenn sem ég sá um mína daga unnu aldrei neitt, en fátæktin svarf að jafnaði fastast að þeim sem mest þræluðu, og svo býst ég við að það sé í öðrum kaupstöðum. En þekkingin og sú skemtun sem býr í góðri bók er betra en ríkidæmi, og þessvegna mundi ég í þínum sporum leggja meiri rækt við lestur og skrift. Og það er það sem þeim þykir verst ef þeir vita að þú hefur þekkingu.⁶⁴

Eins má greina í ræðu Guðmundar Jónssonar kadetts afturhaldssemi og jafnvel vott af beiskju vegna þeirra áhrifa sem stofnun sjómannafélagsins, fyrsta breytingin sem átt hefur sér stað í plássinu í áraraðir, hefur á almúgann:

Áður hélt verslunin með guðs hjálp lífi í öllum hér í plássi, bæði lítilmönnum og mikilmönnum, [...] En það stendur skýrum stöfum í kristindóminum að yfirmenn og undirgefnir eigi að vera í hverju landi og undirmennirnir eigi að vera trúir yfirmönnum. En trúleysið færir í vöxt með hverju ári og virðingin fyrir yfirmönnum þverr að sama skapi. Það er einsog þessi unga

⁶¹ Sama heimild. Bls. 64.

⁶² Sama heimild. Bls. 113.

⁶³ Sama heimild. Bls. 384.

⁶⁴ Sama heimild. Bls. 81.

kynslóð vilji ekki leingur skilja að guð skapar báða jafnt, yfirmanninn og undirmanninn.⁶⁵

Í ræðu Guðmundar sýnir Laxness fram á hvernig fátæklingarnir reyna að halda tangarhaldi í það sem þeir þekkja og eru jafnvel þakklátir fyrir það litla sem að þeim er rétt af einskærri góðsemi „yfirmanna“, í þessu tilviki Jóhanns Bogesens, en sú „góðsemi“ er víða ítrekuð í bókinni. Hann afsakar jafnvel forræði kaupmannsins með vísun í einhvers konar guðlegt vald sem hann hafi yfir almúganum/„undirmönnunum“. Þannig snýst öreiginn á sveif með „yfirvaldi“ sínu í krafti þeirra raka að svona hafi þetta alltaf verið og svona eigi það að vera áfram. Laxness er aftur á móti þeirrar skoðunar að „örbirgð [sé] glæpur [og að] [v]era ánægður með örbirgðina [sé] ennþá ljótari glæpur!“, en Arnaldur bergmálar þessa skoðun þegar hann segir Sölku Völku að „ekkert [sé] jafnljótt og að vera fátækur. [...] Örbirgðin [sé] eini glæpurinn sem máli skiftir á jörðinni“.⁶⁶ Höfundur gagnrýnir því fátæktina í gegnum hlutlausar lýsingar sögumanns og með afstöðu öreiganna til eigin hlutskiptis, sem í raun gera ekki annað en að brýna þörfina á breytingum. Lýsingar og athugasemdir sögumanns eru allar settar fram í hversdagslegum tón hins hlutlausa athuganda, sem gefur frásögninni og lýsingunum aukið bit með íróníu sem varpar enn skýrara ljósi á ömurleikann sem einkennir aðstæður þorpsbúa.

Hversdagslíf þorpsbúa snýst því að mestu um lífsbaráttuna og er lítið við að vera til afþreyingar, fyrir utan trúna. Þegar mæðgurnar koma í þorpið er þar deild frá Hjálpræðishernum sem heldur uppi andlegu sálarlífi almúgans, eða gefur að minnsta kosti lit í tilveruna á annars tilbreytingarsnauduðum stað. Hana sækja trúaðir sem trúlausir, algjörlega í óþökk prestsins á staðnum sem kallar Herinn „skrípaflokk“ sem „hefur lokkað ýmsa útúr þjóðkirkjunni og heldur uppi alskonar ósiðlegu glamri hér í bænum, sem fara í bága við hið sanna og ómeingaða evangelíum“.⁶⁷ Viðhorf Laxness til trúar kemur skýrt fram í sögunni og hefur breyst nokkuð frá hans fyrri hugmyndum sem endurspegluðust í upphafningu trúarinnar (þ.e. kaþólsku trúarinnar) í niðurlagi *Vefarans*. Í „Raflýsingu sveitanna“ gagnrýnir hann trúarbrögð fyrir tilgangslausar predikanir um andleg málefni frammi fyrir öreigum sem þurfa fyrst og fremst á mannsæmandi lífsskilyrðum að halda, áður en þeir verða færir um að meta boðskap trúar að verðleikum:

⁶⁵ Sama heimild. Bls. 227-228.

⁶⁶ Halldór Laxness: „Raflýsing sveitanna“. Bls. 140 og *Salka Valka*. Bls. 310.

⁶⁷ Halldór Laxness: *Salka Valka*. Bls. 40.

Hvert er það lágmark lífspæginda meðal lýðsins, að maður geti talið það samboðið virðingu sinni að predika þessu fólki hina einu sönnu trú eða tala við hann um andleg mál yfirleitt? Ég vík tali mínu til andans manna sem hafa lagt það í vana sinn að standa frammifyrir skítugum, rifnum, heimskum og krypluðum áheyrendum og segja gullvæg orð um guð og sálina. Finst þeim þetta vera nokkurt vit? Nei, það er ekkert vit. Það er ruddaskapur og meir en ruddaskapur, bláttáfram demónískt athæfi af ríkinu að sjá þegnum sínum fyrir prestum áður en það tryggir þeim aðstæður til að hafa andagiftar not.⁶⁸

Fyrstu kynni mæðgnanna af þorpsprestinum endurspeglar gagnrýna afstöðu höfundarins til prestastéttarinnar, en af honum stafar yfirlætisfull skinhelgi í krafti þjóðfélagsstöðu hans. Magnleysi lítilmangans frammi fyrir valdboði embættismannsins er undirstrikað með fyrsta fundi Sigurlínu og prestsins:

Gagnvart slíku flóði af virðulegu tali stóð konan alveg berskjölduð. Jafnvel lotning hennar fyrir þögn svo mikilúðugs persónuleika hefði verið næg til að gera henni erfitt um mál og hvað mundi þá röksemdafærsla hans. Að vísu hafði hún hugboð um að margt í því sem hann sagði væri ósanngjarnt og sumt blátt áfram íllgirnilegt, en hvernig átti hún að fá látið í ljós þá tilfinningu sína andspænis slíku stórmenni, sem virtist hvorki hafa hæfileika til að hlusta á dauðlegar verur og því síður til að skilja þær, [...].⁶⁹

Þannig hafnar sendiboði Drottins þessum lítilmótlega einstaklingi sem leitar til hans eftir hjálp: „Syndirnar eru svo margar. Og heilög ritning gerir svo háar kröfur“.⁷⁰ Í litla sjávarþorpinu á Óseyri við Axlarfjörð rígheldur fólk samt í þá fölsku lausn sem trúin færir fátækum, þ.e.a.s. einhvers konar afsökun á ástandinu og fyrirheit um eitthvað betra. Trúin virðist gefa takmarkalaus lífsstriti þeirra tilgang, og fólkið er því endalaust þakklátt *Honum* fyrir það litla sem þau hafa. Þannig talar Guðmundur Jónsson kadett um að þrátt fyrir lítilmótlega þorpsins „[hafi guð] samt ekki gleymt [þeim]“:

Hann hefur sent okkur hingað blessaðan Hjálpræðisher Drottins vors Jesú Krists til þess að gefa okkur tækifæri til að gleðjast í vorum lausnara. [...] Og hversu lítilmótlegt og gagnslaust sem lífið kann að virðast í einu bygðarlagi, þá er ómögulegt að neita því að þar sem sálir beygja kné sín fyrir krossinum Jesú, þar er sannkallað Guðs dýrðar Kanaan.⁷¹

Höfundur beitir íróni markvisst í lýsingum sínum á trúarlífi þorpsbúa og athugasemdir sögumannsins eru til þess gerðar að beina athygli lesandans að hræsni trúarinnar og gagnsleysi hennar við þær aðstæður sem þarna ríkja. Í „Raflýsingu sveitanna“ fullyrðir Halldór að „trúarbrögðin haf[i] verið notuð á [þrælana] einsog

⁶⁸ Halldór Laxness: „Raflýsing sveitanna“. Bls. 140.

⁶⁹ Halldór Laxness: *Salka Valka*. Bls. 41.

⁷⁰ Sama heimild. Bls. 43.

⁷¹ Sama heimild. Bls. 12-13.

ópium“, en einmitt þannig kemur trúin fram í *Sölku Völku*; sem einhvers konar vímuefni sem gerir þeim fært að varpa ábyrgðinni á eigin lífi og örlögum yfir á æðri máttarvöld sem virðast þó aðeins ýta undir og staðfesta ríkjandi ástand.⁷²

Persónusköpun Laxness í bókinni virðist til þess fallin að koma hugmyndum hans og gagnrýni á framfæri. Þannig standa helstu persónur bókarinnar sem fulltrúar ákveðinna sjónarmiða, en þróun þeirra og örlög gefa hlutverkum þeirra í heildarsamhenginu ákveðinn þunga. Í formála að sögunni lýsir Pétur Már Ólafsson Sigurlínu, móður Sölku Völku, og segir hana „skort[a] fyrirhyggju, stefnufestu og ábyrgð“. ⁷³ Í framvindu sögunnar kemur hún fram sem ósjálfstæð og veiklunduð, sérstaklega gagnvart ástinni/karlmönnum, og virðist hún beygja sig algjörlega viljalaus undir duttlunga örlaganna. Laxness setur hana fram sem hinn varnarlausasta einstakling/fátækling. Hún er ógift og með lausaleiks barn sem vitnisburð um fyrri syndir. Sökum þessarar þjóðfélagsstöðu lendir hún iðulega aftast í goggunarröðinni hvar sem hún kemur og hvergi er hlustað á hana. Því má segja að hún falli ágætlega að skilgreiningu Spivak á hinni „subaltern“ konu. Hún er fátæk kona sem er vön því að vera útilokuð og sniðgengin og hefur hvorki vit né vilja til að „láta í sér heyra“; hún hefur ekki einu sinni í sér nægan manndóm til þess að koma sér í reikning hjá kaupmanninum.

Persónuþróun Sölku Völku byggir að mörgu leyti á birtingarmynd móður hennar. Sölku hefðu vel getað beðið svipuð örlög og Sigurlínu, enda móðirin eina stöðuga fyrirmyndin sem býðst lausaleiks barni. Þrátt fyrir að móðirin virðist hafa lítið að bjóða dóttur sinni er hún helsti mótunaraðili hennar, að því leyti að Salka ákveður ung að verða ekki eins og móðir sín. Þannig leiðir atferli Sigurlínu og hlutskipti til þess að barnið mótast í andstæða átt við fyrirmynd sína. Þar sem móðirin er varnarlaus og veiklunduð er Salka föst fyrir og ósjálfstæði Sigurlínu undirstrikar sjálfstæði Sölku, sem er komin í reikning hjá kaupmanninum ellefu ára gömul. Salka ákveður að varpa af sér hlutskipti konunnar eftir að verða vitni að því hversu valdalaus móðir hennar er gagnvart ástinni. Hún karlgerir sig, en aðeins með því virðist Sölku opnast leið til að hefja sig upp úr vítahring stéttaskiptingarlögmála samfélagsins. Hún verður „virkilegt karlmannsígildi og [...] s[önn] kvenhetja [...] í plássinu“. ⁷⁴ Sem fullorðin kona birtist Salka sem enn ákveðnari mynd af nútímakonunni en Diljá gerði í *Vefaranum*; hún er

⁷² Halldór Laxness: „Raflýsing sveitanna“. Bls. 141.

⁷³ Pétur Már Ólafsson: „Formáli“. *Salka Valka*. 7. útgáfa. Bls. I-XII. (Reykjavík, Vaka – Helgafell. 1999) Bls. VII.

⁷⁴ Halldór Laxness: *Salka Valka*. Bls. 223.

ekki eingöngu með drengjakoll, heldur gengur hún í öll þau verk sem í boði eru til jafns á við karlmennina í plássinu og hefur að því er virðist „alsviða jafnræði við manninn“.⁷⁵

Með því að setja Sölku Völku fram sem andstæðu móður hennar hefur Halldór dregið úr vanmættinum sem falinn er í hinni „subaltern“ konu og birtist í Sigurlínu. Salka er sterk, hugrökk, framfarasinuð, sjálfstæð, skynsöm og rökvís og lætur vel í sér heyra. Þessir eiginleikar virðast þó koma á kostnað kynferðis hennar, þ.e. hún þarf að hætta að vera kona til að geta verið sjálfstæð. Persónueinkenni Sölku kallast þannig á við hina karllægu staðalmynd Íslendinga og að því leyti kemur þessi fátæka stúlka fram sem persónugerving þjóðarinnar. Hún er hins vegar líka tengd landinu: Annars vegar er „landslagið [sjálft] samrunnið persónu hennar“ og hins vegar birtist hún sem táknmynd landsins; hún er *fuglinn í fjörunni*, þ.e. fuglinn/landið/konan sem bíður alltaf á sínum stað, eins og Diljá í *Vefaranum*.⁷⁶ Laxness hefur gengið skrefinu lengra en í *Vefaranum*, og sameinað sjálfmynd þjóðarinnar og ímynd fjallkonunnar í einu og sömu manneskjunni: Sölku Völku.

Steinþór Steinsson er ástmaður Sigurlínu sem verður til þess að rjúfa samkennd mæðgnanna og á hann stóran þátt í því að Salka ákveður að afneita kynferði sínu. Hann birtist frá upphafi sem persónugerving sjávarplássins:

[H]ún skynjaði sem í sjónhendíngu hve nákominn svipur mannsins var svip landsins, hve algerlega æðaslög annars samsömuðust æðaslögum hins, hættir annars háttum hins, svo hún var ekki leingur megnug þess að greina hvort frá öðru, heldur rann himinn, jörð og sær, ásamt mannum Steinþóri Steinssyni í eina samstæða og ógnþrungna heild, þar sem lagaboðar örlaganna dveljast í línunum klettanna, upsum tómthúsanna, gny sævarins og þenslu illviðrabakkanna [...].⁷⁷

Þorpið togar í hann; hann fer nokkrum sinnum burt úr þorpinu og flakkar um heimshafnir annarra landa, en kemur þó alltaf aftur. Steinþór leggur mikla áherslu á eigið frelsi og sjálfstæði: „eingin lögmál [ríkja] yfir mér nema þau sem ég set mér sjálfur. Ég er frelsari mín sjálfs og frelsi mín sjálfs“.⁷⁸ Þau Salka eiga sjálfstæðisþrána sameiginlega, en ung orðar hún sömu frelsiskröfu og Steinþór þegar kennarinn spyr hana hver ráði á Íslandi: „Það skal einginn ráða yfir mér!“.⁷⁹ Steinþór er örlagavaldur í lífi Sölku Völku strax frá fyrstu kynnum, hvort sem hann er fjarverandi eða ekki, og togstreita hennar gagnvart honum er í raun undirliggjandi í flestum hennar athöfnum og

⁷⁵ Halldór Laxness: „Karl, kona, barn“. Bls. 183.

⁷⁶ Halldór Laxness: *Salka Valka*. Bls. 399.

⁷⁷ Sama heimild. Bls. 52.

⁷⁸ Sama heimild. Bls. 104.

⁷⁹ Sama heimild. Bls. 68.

ákvörðunum. Hún á í einhvers konar ástar-haturs sambandi við hann; hún elskar að hata hann og hatar að elska hann.

Arnaldur birtist aftur á móti í bókinni sem fulltrúi siðmenningarinnar, eins og Pétur Már nefnir í formála sínum.⁸⁰ Hann kennir Sölku að lesa og skrifa, hefur þau áhrif á hana að hún hugsar meira um hreinlæti sitt, og síðar kennir hann henni rétta mannasiði. Því má segja að hann siðmennti hana og gefi henni þar með þann grunn sem þarf til að hefja líf sitt upp úr vesöldinni. Arnaldur er fulltrúi nútímamannsins; vel menntaður, hefur ferðast og kynnt sér nútíma hugmyndastefnur. Hann er hinn rótlausi draumóramaður svipað og Steinn Elliði í *Vefaranum*. Í bókinni birtist hann sem tákn einhvers konar draumaheims; veraldar þar sem allt er fallett og gott, en Salka er táknmynd veruleikans, jarðsamband hans eins og Pétur Már talar um. Hann „er fullur af röksemdum heimsins“, en hún einfaldlega „er“.⁸¹ Þannig eru þau andstæður að mörgu leyti: Hann uppfullur af hugsjónum um nýjan heim, hún bundin þeim eina veruleika sem hún þekkir og öllum takmörkunum hans. Arnaldur er sá sem kemur með byltinguna í sjávarplássið. Hann kemur róti á fasta tilveru Sölku og hrífur hana með sér í hugmyndafræði marxismans. Hann kennir henni hugsjónir, segir þær vera „kröf[u] mannsins um betra ástand en það sem er“:

Hugsjónir eru ofar mönnunum, [...]. Menn geta brugðist þegar síst varir, aungusíður en guðir. Einstaklingarnir breytast. Sumir deyja, aðrir svíkja. En hugsjónirnar, Salka, þær eiga dýpri rætur en guð og einstaklingurinn, þær eru eins og náttúrukraftar. Þær leggja undir sig heila kynstofna, mannkynið með jörð þess og himni, meðan guðir og einstaklingar líða undir lok. Hugsjónina sakar ekkert þó einstaklingar deyi eða svíki. Það eru hugsjónirnar sem stjórna mannkyninu, en mannkynið ekki hugsjónunum.⁸²

Þegar upp er staðið er það þó Salka sem ber hinn sanna byltingaranda, en Arnald skortir staðfestu. „Lánger þig til að hætta að berjast nú, einmitt þegar á að byrja? Nei, Arnaldur, það er ekki hægt“, segir Salka við Arnald þegar hún verður vör við hverflyndi hans, en allur þungi veruleika hennar liggur í þessum orðum. Hennar veruleiki er plássið og fiskurinn, og hún skynjar að Arnald skortir stöðuglyndi til þess að takast á við þann raunveruleika. Hann segist elska hana: „þú ert hin eina sanna ást í lífi mínu, og meira en ást: þú ert ímynd veruleikans sjálfs, lífsins sjálfs, einsog það er, og samt Salka, samt, -

⁸⁰ Pétur Már Ólafsson: „Formáli“. *Salka Valka*. Bls. VII.

⁸¹ Halldór Laxness: *Salka Valka*. Bls. 313.

⁸² Sama heimild: Bls. 431.

ég get ekki neitað því, mig lángrar burt“.⁸³ Að lokum er það því Salka sem getur ekki hugsað sér að vera akkeri hans, og sendir hann á brott til draumalands hans.

Í seinni hluta sögunnar, *Fuglinn í fjörunni*, leggur Laxness meiri áherslu á pólitík, en þá umturnast samfélagið í litla sjávarplássinu á Óseyri við Axlarfjörð vegna kröfu fólksins um breytingar og bætt kjör; byltingin hefur innreið sína í þorpið. Í ritgerð sinni „Um búskap á Íslandi“ talar Halldór í anda mannhyggju og segir að „[g]rundvöllur nútímafélagshyggju, öreigaherópið, [sé] gagnger innleiðsla mannsins í öndvegi allra hluta“.⁸⁴ Hann tiltekur „megingreinar hinna nýu tíma“:

Alþýða á alt. Einginn á neitt, nema fólkið, almenníngur. Einginn hefur rétt til þeirra hluta sem í heiminum eru, nema fólkið, almenníngur. Gamla mótbáran um vanhæfu einstaklinganna raskar hvergi gildi þessarar kenningar.⁸⁵

Eins talar hann um réttlæti: „Maðurinn hefur uppgötvað að réttlæti er fyllra lífsform en ránglæti, og því fer viðleitni hans í þá átt [...]“.⁸⁶ Hann segir að „hlynna [eigi] að þeim sem hallir standa, eða koma í veg fyrir tilorðning undirmálsmanna. Allir menn [séu] alfullkomnir gagnvart réttlætinu“, og bendir jafnframt á að „[h]lutverk ríkisins, framkvæmdavalds hins siðaða þjóðfélags, [sé] að vera miðlari nytja og gæða, sjá öllum fyrir jöfnum kjörum, hverjum einum fyrir bestu skilyrðum til þroska“.⁸⁷

Þessar hugmyndir endurspeglar Arnaldur í sínu máli fyrir byltingunni og uppreisn verkalýðsins, en Salka Valka túlkar viðhorfsbreytingar almúgamannsins. Fyrst í stað er hún einarðlega höll undir málstað „sjálfræðissinnanna“, sem predika mikilvægi einstaklingsframtaksins, en hallast síðar á sveif með verkalýðsfélaginu og rökum Arnaldar í baráttunni fyrir lýðræðislegum samvinnuháttum með hagsmuni heildarinnar að leiðarljósi. „Sá sem ekki er reiðubúinn til að berjast á móti ránglætinu í þjóðfélaginu, ég kalla hann bara ekki mann“, segir Salka eftir að hafa sannfærst af hugsjónum Arnaldar.⁸⁸

Í ræðu sem Halldór hélt 1. maí 1938 talar hann um mikilvægi lýðræðis í atvinnuháttum:

Menn hafa verið blindir fyrir því, að hinn sanni grundvöllur alls lýðræðis hlýtur að liggja í eign og yfirráðum almennings á framleiðslugögnunum. Einhver mikilvægasta nauðsyn komandi ára hér á landi er það, að fólkið í

⁸³ Sama heimild. Bls. 445.

⁸⁴ Halldór Laxness: „Um búskap á Íslandi“. *Alþýðubókin*. Bls. 87-96. Bls. 89.

⁸⁵ Sama heimild. Bls. 89.

⁸⁶ Sama heimild. Bls. 90.

⁸⁷ Sama heimild. Bls. 90.

⁸⁸ Halldór Laxness: *Salka Valka*. Bls. 352.

landinu eflist svo að þroska, að það beri fyrst og fremst traust til sjálfs sín, en yfirgefi þær skoðanir, sem eru leifar af hugsunarhætti þræla og annarra ánauðugra manna, að trúá einkum á forsjón þeirra sem sölsa til sín arðinn af striti þess.⁸⁹

Þessi þræslund alþýðunnar er einmitt undirstrikuð í bókinni þegar fátæklingarnir dásama sífellt góðmennsku kaupmannsins, fullir af þakklæti fyrir að „hann hafi haldið líftórunni í [þeim] þessum ræflum hérna meginpartinn af ævi sinni“.⁹⁰ Þá er vert að benda á að rök sjálfræðismannanna gegn kröfum verkalýðsins fylgja línunum þjóðernishyggjunnar, en þeir rekja *farsæld* þjóðfélagsins aftur til forfeðra sinna og landnámsins:

Þráttfyrir alla erfiðleika stofnuðu þeir hér hið blómlegasta þjóðfélag og sýndu með því hverju menn fá áorkað ef þeir njóta frelsis og sjálfræðis til framkvæmda. Eigi allir góðir íslendingar að minnast þessa, og eigi síður hversu hörmulega tiltókst fyrir þjóðinni er hún glataði sjálfræði sínu og landsmenn voru ofurseldir kúgunarvaldi einvaldsstjórnarinnar. [...]

Höfuðatriði boðskapar jafnaðarstefnunnar eru þjóðnýting atvinnutækjanna og takmarkanir á frelsi einstaklingsins. Nái þeir að koma þessum kenningum sínum í framkvæmd, hlýtur það að leiða til argasta ófrelsis og einokunar, sem einginn frjálshuga maður getur unað við, [...].⁹¹

Athugasemdir sögumannsins í þessu samhengi draga aftur á móti fram þá hræsni sem felst í slíkum rökum, eins og þegar hann lýsir viðbrögðum sjálfræðismannanna við verkfallinu:

[Þetta fólk] vildi vinna fyrir eins lágt kaup og Jóhanni Bogesen þóknaðist að þjóða, jafnvel fyrir ekkert, því hér var um hugsjón að ræða, föðurlandið var í veði, sjálfræði þjóðarinnar og framtak einstaklingsins, þessi helgust erfð vors göfuga kyns allar götur framanúr fornöld, að blánkir höfðingjar sigldu skipum sínum til Einglands, hentu úngabörn á spjótum, nauðguðu konum og stálu kúm.⁹²

Hér birtist gagnrýni höfundar á rök afturhaldssinna sem fegra fortíðina í þeim tilgangi að réttlæta ríkjandi ástand, en eins og Vésteinn Ólason bendir á í ritgerð sinni „Innleiðsla mannsins í öndvegi, um ritgerðir Halldórs Laxness“, þá var Halldór „fullkomlega hlífðarlaus gagnvart öllum þjóðernislegum sjónarmiðum sem hann taldi

⁸⁹ Halldór Laxness: „Ræða á útifundi Fulltrúaráðs verkalýðsfélaganna, Alþýðuflokksins og Kommúnistaflokksins 1. Maí 1938“. *Vettvangur dagsins*. Bls. 83-89. (Reykjavík, Heimskringla H.f.. 1942) Bls. 86.

⁹⁰ Halldór Laxness: *Salka Valka*. Bls. 308.

⁹¹ Sama heimild. Bls. 295.

⁹² Sama heimild. Bls. 315.

afturhaldssöm eða úrelt“, en trúr framförum fyrir hönd þjóðar sinnar og framtíðar hennar.⁹³

Með persónu Sölku Völku birtist ákveðin framtíðarvon. Sinnaskipti hennar sýna fram á möguleikann á breytingu, jafnvel þó að byltingin í þorpinu hafi ekki leitt af sér neina breytingu að ráði, því eftir að Jóhann Bogesen hrökklaðist úr byggðinni tók bara annað eins við. „Nöfn manna [voru] skrifuð í stórar bækur hjá Kaupfélaginu og fólk hélt áfram að taka úti reikning einsog áður, og borga með vinnu sinni, og lífið hélt áfram sinn vanagang á Óseyri við Axlarfjörð.“⁹⁴ Eftir stendur þó Salka Valka, með sínar hugsjónir í arf frá Arnaldi, og þar með er vonarglæta um bætta framtíð.

Niðurlag

Þegar litið er yfir höfundarferil Halldórs Laxness má sjá hvernig hann beinir skrifum sínum frá upphafi til alþýðunnar: íslenskrar þjóðar. Hann ávarpar þjóðina á gagnrýninn og vægðarlausan hátt, hann vill vekja hana upp og fá hana til að opna augun fyrir eigin vanköntum. Verk hans „hafar það markmið að menna íslenzku þjóðina“, eins og Sveinn Skorri Höskuldsson orðar það í grein sinni „Sambúð skálds við þjóð sína“.⁹⁵ Þar bendir hann á að Laxness hafi verið áhrifamikill í að „breyta íslenzkum hugsunarhætti og íslenzkum lífsskilningi“ og fullyrðir að „allar mið[i] ritgerðir hans að því að hefja íslenzku þjóðina frá þeim lifnaðarháttum sem hann telur ómannsæmt líf“.⁹⁶ Hann segir jafnframt að „íslenzkur veruleiki og tímabær vandamál [hafi] löngum sett mark sitt á skáldskap Halldórs á hverju skeiði“, eins og glögggt megi sjá af því hvernig skáldsögurnar *Vefarinn mikli frá Kasmír* og *Salka Valka* endurspeglar þær hugrenningar sem koma fram í greina- og ritgerðaskrifum höfundarins frá svipuðum tíma.⁹⁷

Þjóðfélagsádeila er lýsandi orð um skrif Laxness á fyrri hluta rithöfundarferilsins, en hann hefur „einstæð[an] hæfileik[a] til að rífa hlutina úr venjubundnu samhengi og sýna þá í nýju ljósi“.⁹⁸ Í sögunni um Sölku Völku notar hann íróniú sem birtist í hversdagslegum athugasemdum sögumanns er draga fram þær meinsemdir sem ríkja í

⁹³ Vésteinn Ólason: „Innleiðsla mannsins í öndvegi, um ritgerðir Halldórs Laxness“. *Sjö erindi um Halldór Laxness*. Bls. 41-60. Bls. 56.

⁹⁴ Halldór Laxness: *Salka Valka*. Bls. 436-437.

⁹⁵ Sveinn Skorri Höskuldsson: „Sambúð skálds við þjóð sína“. *Sjö erindi um Halldór Laxness*. Bls. 9-40. Bls. 11.

⁹⁶ Sama heimild. Bls. 11 og 18.

⁹⁷ Sama heimild. Bls. 19.

⁹⁸ Vésteinn Ólason: „Innleiðsla mannsins í öndvegi“. Bls. 47.

hvers konar sambandi þar sem einn aðili kemur fram sem yfirvald annars. Með því endurspeglar hann þá togstreitu sem sjá má milli herraþjóða og nýlenda þeirra, þar sem forræðishyggja, yfirgangur og kúgun einkenna hrokafulla afstöðu herraþjóðarinnar til nýlenda sinna. Höfundur lýsir þeirri deyfð og því andleysi sem kúgaðir fátæklingar upplifa í skugga forræðisins ásamt því að benda á hvernig ástandið hefur verið „normalíserað“ af yfirvaldinu upp að því marki að aumingjarnir sætta sig við ríkjandi ástand án þess að hafa tækifæri til að átta sig á að það gæti mögulega verið öðruvísi. Þannig tengir hann hlutskipti öreiganna við afstöðu nýlendanna með tilliti til undirliggjandi vestrænnar tvíhyggju um yfirráð-undirgefni. Laxness, rétt eins og aðrir nýlendubúar, eygir þó von til frelsis og framtíðarmenningar með uppreisn gegn kúgunaröflunum.

Vésteinn Ólason talar um andrúmsloft feðraveldisins sem var ríkjandi á Íslandi á fyrri hluta 20. aldar og einkenndi samfélagshætti þjóðarinnar þegar Halldór skrifaði flestar greinar sínar um þjóðfélagsmál:

Hér var mjög ríkjandi „patríalískur“ hugsunarháttur, runninn upp á stórbúum þar sem bóndinn er ekki aðeins eigandi framleiðslutækja og áhafnar, heldur andlegur og veraldlegur forsjarmaður heimilisfólksins alls, venzlaðra og vandalausra. Þessari forsjón fylgdi myndugleiki sem mikinn þrótt þurfti til að rísa gegn, og andinn sem þessu fylgdi fluttist svo búferlum að sjávarsíðunni þegar bogesenar og þríhross tóku að reka þar útgerð og fiskvinnslu. Vitaskuld var Halldór ekki sá fyrsti eða eini sem gegn þessu reis, en hann sýndi skýrar en flestir fram á hvernig ráðandi stéttir misnotuðu einatt það vald er þessu fylgdi og hversu órökvíst það var í raun réttu.⁹⁹

Í *Sölku Völku* endurspeglast nýlendukúgunin í samfélagsháttunum öllum, enda beinist gagnrýni Halldórs að þeim einu lifnaðarháttum sem alþýðan hefur þekkt og sætt sig við allt of lengi; að lifa undir yfirráði annarra. Í verkinu birtist einnig ákveðin gagnrýni á þjóðernishyggjuna og þá sjálfsmynd Íslendinga sem sköpuð var af menntamönnum um aldamótin 1900. Með íróníunni dregur Halldór fram hvernig þjóðernishugmyndir og sjálfsmyndarsköpunin sem leiða áttu til breytinga og framfara fyrir þjóðina hafa snúist í höndum ráðandi menntamanna á þriðja áratugnum. Hér beinir hann spjótum sínum að skrifum fræðimanna eins og Guðmundar Finnbogasonar, Sigurðar Nordals og Guðmundar Hannessonar, sem hann telur að noti þjóðernishugmyndir til að viðhalda yfirráðum þjóðfélagslegs afturhalds. Árni Sigurjónsson talar um að á þessum árum hafi „[þ]jóðernishyggjan [...] einkum [komið] fram sem íhaldssemi og ofurást á fornmenningu landsmanna“, eins og fram kemur í hugmyndum þessara manna og

⁹⁹ Sama heimild. Bls. 54.

Halldór Guðmundsson bendir einnig á í bók sinni, „*Loksins, loksins*“. *Vefarinn mikli og upphaf íslenskra nútímabókmennta*.¹⁰⁰ Þar kemur fram að þeir hafi lagt áherslu á samheldni þjóðarinnar í ljósi einsleitni hennar og uppruna, ekki viðurkennt misskiptingu innan samfélagsins og sett sig á móti þeim breytingum sem þeir töldu felast í sundurliðun þjóðarinnar í mismunandi stéttir: „Sá vottur fjöldasamfélags sem var að myndast á Íslandi var þeim þyrnir í augum, stéttvísi töldu þeir múgsefjun og í hrópandi mótsögn við eðli Íslendinga, sem þeir voru manna kunnastir og höfðu traustar heimildir um úr fornþjóðmenntunum“.¹⁰¹ Með því að varpa ljósi á misskiptinguna sem ríkir innan þjóðarinnar og hræsni þess að ætla að beita upphafningu á fornum uppruna hennar til þess að halda aftur af breytingum og þróun samfélagsins, gagnrýnir Laxness þessa „draumsýn[] um mannlegt samlíf þar sem þekking, kunnátta og föðurlegt forræði eru ráðandi, en ekki auður og stéttabarátt“.¹⁰²

Halldór er þó ekki einvörðungu neikvæður í garð hefðbundinna og ríkjandi hugmynda um íslenskt þjóðerni, því þrátt fyrir harða og óvægna gagnrýni sér hann framtíðarvon fyrir landið og þjóðina. „Á Íslandi“, segir hann, „[er] dagur að rísa“ – og hann fullyrðir:

Þjóð elsta menningarmáls í Evrópu og hinnar samfeldustu sögu vaknar nú sem hin yngsta menningarþjóð álfunnar. [...] Þjóðin svaf milli fjalla þar sem krökt var af vættum og álfum, og í þessu ósnortna landslagi, þar sem hver dalur er þó endurminning úr sögu, hver öræfasýn ímynd dulrænna skynjana, – þar risum vér á fætur í dag einsog nýfæddir, gæddir frumleik náttúrubarnsins, með goðamál á vörum og morgunhimin yfir oss, logandi í spám og teikum.¹⁰³

Þrátt fyrir þessa bjartsýni fyrir hönd þjóðar sinnar lætur Laxness ekki staðar numið og heldur áfram að brýna fyrir þjóðinni nauðsyn þess að halda uppi siðmenntuðum háttum. Í grein frá árinu 1943, „Gagnrýni og menning“, ítrekar hann enn gildi menningar fyrir upprisu íslensku þjóðarinnar og endurómar sín fyrri orð:

Nú er íslenska þjóðin að rísa úr ösku. Hlutverk þessarar kynslóðar er að brúa með nýum afrekum djúpið milli nútíðarinnar og fortíðar sem lifir í gömlum listaverkum okkar og sögulegum afrekum ágætra manna. Á tímum útlendrar kúgunar tókst að draga íslendinga niðri villimennsku og eynd, líkast lífi eldlandínga, svo varla eru dæmi til annars eins um þjóð á okkar gáfnastigi. Við höfum enn ekki náð okkur eftir þetta niðurlægíngartímabil, enda eru

¹⁰⁰ Árni Sigurjónsson: *Laxness og þjóðlífið. Bókmenntir og bókmenntakenningar á árunum milli stríða*. (Reykjavík, Vaka-Helgafell. 1986) Bls. 35.

¹⁰¹ Halldór Guðmundsson: „*Loksins, loksins*“. *Vefarinn mikli og upphaf íslenskra nútímabókmennta*. (Reykjavík, Mál og menning. 1987) Bls. 51.

¹⁰² Sama heimild. Bls. 55.

¹⁰³ Halldór Laxness. „Þjóðerni“. *Alþýðubókin*. Bls. 37-53. Bls. 50.

ekki nema fáir áratugir síðan útlendum mönnum þótti fjarstæða að telja okkur til siðmentaðra þjóða. Nú gerum við kröfu til þess að heita siðmentuð þjóð og móðgumst við hvern þann sem kallar okkur eitthvað annað – en hinu megum við ekki heldur gleyma, að þessa kröfu verðum við fyrst og fremst að gera til okkar sjálfra.¹⁰⁴

Laxness notar bókmenntir sem baráttutæki, eins og Fanon talar um, þar sem hann skrifar í þeim tilgangi að siðmennta þjóðina og vekja hana upp af „þrælslunderni“ hennar. Í anda hugmynda sem koma fram í skrifum Fanons tengir hann saman baráttu sína fyrir siðmenningu og frelsun þjóðarinnar, vill gera hana að þjóð meðal þjóða. Hann notfærir sér bókmenntirnar í þeim tilgangi að hefja þjóðina upp úr eigin volæði, „léttu oki margra alda af alþýðunni og leiða hana til öndvegis í eigin húsi“.¹⁰⁵ Með þennann að vopni „réðst Halldór til atlögu við mynd þjóðarinnar af sjálfri sér og vildi skapa henni nýja“.¹⁰⁶ Í þessum skilningi falla skrif Laxness fullkomlega að skilgreiningu á verkum eftirlenduhöfunda. Hann notar þessa sinn til að gagnrýna ríkjandi ástand og berjast fyrir bættum kjörum og aukinni menningu þjóðar sinnar.

¹⁰⁴ Halldór Laxness: „Gagnrýni og menning“ . *Sjálfsgæðir hlutir*. 3. útgáfa. Bls. 187-190. (Reykjavík, Helgafell. 1980 [1946]) Bls. 187.

¹⁰⁵ Vésteinn Ólason: „Innleiðsla mannsins í öndvegi“ . Bls. 60.

¹⁰⁶ Sama heimild. Bls. 59.

Heimildaskrá:

- Anderson, Benedict: „Imagined Communities”. *The Post-Colonial Studies Reader*. 2. útgáfa. Bls. 123-125. Ritstj. Bill Ashcroft, Gareth Griffiths og Helen Tiffin. (London og New York, Routledge. 2006 [1995])
- Ashcroft, Bill, Gareth Griffiths og Helen Tiffin: *The Empire Writes Back. Theory and Practice in Post-Colonial Literatures*. Ritstj. Terence Hawkes. (London og New York, Routledge. 1989)
- Ashcroft, Bill, Gareth Griffiths og Helen Tiffin: „Nationalism”. *The Post-Colonial Studies Reader*. 2. útgáfa. Bls. 117-118. Ritstj. Bill Ashcroft, Gareth Griffiths og Helen Tiffin. (London og New York, Routledge. 2006 [1995])
- Bertens, Hans: *The Basics. Literary Theory*. 2. útgáfa. (London og New York, Routledge. 2008)
- Bhabha, Homi K.: „Tvístrun þjóðarinnar. Tími, frásögn og jaðar nútímabjóðarinnar“. Þýðandi Steinunn Haraldsdóttir. *Ritið. Tímarit hugvísinda-stofnunar: 2/2005 (Útlönd)*. Bls. 177-220
- Árni Sigurjónsson: *Laxness og þjóðlífið. Bókmenntir og bókmenntakenningar á árunum milli stríða*. (Reykjavík, Vaka-Helgafell. 1986)
- Fanon, Frantz: „National Culture”. *The Post-Colonial Studies Reader*. 2. útgáfa. Bls. 119-122. Þýðandi Constance Farrington. Ritstj. Bill Ashcroft, Gareth Griffiths og Helen Tiffin. (London og New York, Routledge. 2006 [1995])
- Halldór Guðmundsson: *Halldór Laxness – ævisaga*. (Reykjavík, JPV útgáfa. 2004)
- Halldór Guðmundsson: „Loksins, loksins“. *Vefarinn mikli og upphaf íslenskra nútímabókmennta*. (Reykjavík, Mál og menning. 1987)
- Halldór Laxness: *Alþýðubókin*. 4. útgáfa. (Reykjavík, Mál og menning. 1955 [1929])
- Halldór Laxness: „Drengjakollurinn og íslenska konan“. *Morgunblaðið*. 9. ágúst. 1925
- Halldór Laxness: „Gagnrýni og menning“. *Sjálfsgæðir hlutir*. 3. útgáfa. Bls. 187-190. (Reykjavík, Helgafell. 1980 [1946])
- Halldór Laxness: „Raflýsing sveitanna“. *Af menningarástandi*. Bls. 128-143. (Reykjavík, Vaka – Helgafell. 1986)
- Halldór Laxness: „Ræða á útifundi Fulltrúaráðs verkalýðsfélaganna, Alþýðuflokksins og Kommúnista-flokksins 1. Maí 1938“. *Vettvangur dagsins*. Bls. 83-89. (Reykjavík, Heimskringla H.f.. 1942)
- Halldór Laxness: *Salka Valka*. 7. útgáfa. (Reykjavík, Vaka – Helgafell. 1999 [1931-1932])

- Halldór Laxness: „Tíska og menning. Um ljóð“. *Morgunblaðið*. 21. maí 1925
- Halldór Laxness: „Úr circus menningarinnar“. *Morgunblaðið*. 14. des. 1924
- Halldór Laxness: *Vefarinn mikli frá Kasmír*. 8. útgáfa. (Reykjavík, Vaka-Helgafell. 2006 [1927])
- Helga Kress: „Okkar tími – okkar líf. Þróun sagnagerðar Halldórs Laxness og hugmyndir hans um skáldsöguna“. *Sjö erindi um Halldór Laxness*. Bls. 155-182. Ritstj. Sveinn Skorri Höskuldsson. (Reykjavík, Helgafell. 1973)
- Inga Dóra Björnsdóttir: „„Þeir áttu sér móður“. Kvenkenndir þættir í mótun íslenskrar þjóðernisvitundar“. *Fléttur. Rit rannsóknarstofu í kvennafræðum 1*. Bls. 65-85. Ritstj. Ragnhildur Richter og Þórunn Sigurðardóttir. (Reykjavík, Háskólaútgáfan. 1994)
- Jón Yngvi Jóhannsson: „Af reiðum Íslendingum. Deilur um Nýlendusýninguna 1905“. *Þjóðerni í þúsund ár*. Bls. 135-150. Ritstj. Jón Yngvi Jóhannsson, Kolbeinn Óttarsson Proppé og Sverrir Jakobsson. (Reykjavík, Háskólaútgáfan. 2003)
- Jón Yngvi Jóhannsson: „„Jøklens Storm svaledede den kulturtrætte Danmarks Pande“. Um fyrstu viðtökur dansk-íslenskra bókmennta í Danmörku“. *Skírnir*, vor 2001. Bls. 33-66
- Kristín Loftsdóttir: „Tómið og myrkrið. Afríka í *Skírni* á 19.öld“. *Skírnir*, vor 2004. Bls. 119-151
- Kristín Loftsdóttir: „Bláir menn og eykonan Ísland. Kynjamyndir karlmennsku og Afríku á 19.öld“. *Ritið. Tímarit hugvísindastofnunar: 2/2005 (Útlönd)*. Bls. 21-44
- Pétur Már Ólafsson: „Formáli“. *Salka Valka*. 7. útgáfa. Bls. I-XII. (Reykjavík, Vaka – Helgafell. 1999)
- Sigríður Matthíasdóttir: *Hinn sanni Íslendingur. Þjóðerni, kyngervi og vald á Íslandi 1900-1930*. (Reykjavík, Háskólaútgáfan. 2004)
- Sigríður Matthíasdóttir: „Þjóðerni og karlmennska á Íslandi við upphaf 20. aldar“. *Þjóðerni í þúsund ár*. Bls. 119-132. Ritstj. Jón Yngvi Jóhannsson, Kolbeinn Óttarsson Proppé og Sverrir Jakobsson. (Reykjavík, Háskólaútgáfan. 2003)
- Spivak, Gayatri Chakravorty: „Can the Subaltern Speak“. *The Post-Colonial Studies Reader*. 2. útgáfa. Bls. 28-37. Ritstj. Bill Ashcroft, Gareth Griffiths og Helen Tiffin. (London og New York, Routledge. 2006 [1995])
- Sveinn Skorri Höskuldsson: „Sambúð skálds við þjóð sína“. *Sjö erindi um Halldór Laxness*. Bls. 9-40. Ritstj. Sveinn Skorri Höskuldsson. (Reykjavík, Helgafell. 1973)

Vésteinn Ólason: „Innleiðsla mannsins í öndvegi, um ritgerðir Halldórs Laxness“. *Sjö erindi um Halldór Laxness*. Bls. 41-60. Ritstj. Sveinn Skorri Höskuldsson. (Reykjavík, Helgafell. 1973)